NÝR VERULEIKI Í MÓTUN?

Rannsókn vegna áhersluverkefnis SASS
„Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu“

Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Háskóli Íslands – Rannsóknasetur á Hornafirði

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

HÁSKÓLI ÍSLANDS

SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

NÝR VERULEIKI Í MÓTUN?

Rannsókn vegna áhersluverkefnis SASS „Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu“

Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Rannsóknasetur á Hornafirði

Höfn, júní 2019

© Höfundar og Háskóli Íslands – Rannsóknasetur á Hornafirði 2019

Verkefni unnið fyrir Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi

Titill: Nýr veruleiki í mótun? Rannsókn vegna áhersluverkefnis SASS „Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu“

Höfundar: Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir

Útgefandi: Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði, Nýheimum, Höfn, 780 Hornafjörður

Sími: (+354) 470-8040

Rafpóstur: thorvarn@hi.is

Veffang: http://rannsoknasetur.hi.is/hornafjordur

ISBN: 978-9935-9480-0-7

Forsíðumynd: Íshellir í Breiðamerkurjökli, © Þorvarður Árnason 2018

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS

Verkefni þetta er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

EFNISYFIRLIT:

1. Inngangur **1**

2. Staða þekkingar **2**

2.1 Ferðamennska á Suðurlandi 2
2.2 Eldri rannsóknir á félagslegum áhrifum ferðamennsku 4
2.3 Landskönnunin 2017 6

3. Viðtölin **8**

4. Spurningakönnunin **15**

4.1 Viðhorf til fjölda ferðamanna og samskipta við þá 16
4.2 Viðhorf til áhrifa á þróun atvinnulífs 18
4.3 Viðhorf til áhrifa á lífkjör 20
4.4 Viðhorf til starfa í ferðaþjónustu og tekjudreifingar 21
4.5 Viðhorf til áhrifa á þjónustu og samfélag 22
4.6 Viðhorf til áhrifa á samfélagsþátttöku og lífsvenjur 24
4.7 Viðhorf til áhrifa á lífsgæði íbúa 25
4.8 Viðhorf til áhrifa á umferð 26
4.9 Viðhorf til aðlögunar/móttöku erlends starfsfólks 27
4.10 Viðhorf til framtíðarsýnar og ákvarðanatöku 28

5. Rýnihóparnir **29**

5.1 Það eru allir í ferðaþjónustu hvort sem þeim líkar betur eða verr 30
5.2 Það eru þrisvar sinnum fleiri ferðamenn á svæðinu en heimamenn 33
5.3 Hornfirðingar snúast í kringum ferðamanninn 36

6. Samantekt **39**

6.1 Yfirlit um rannsóknaniðurstöður 39
6.2 Tillögur að verkefnum 42
6.3 Tillögur að framhaldsverkefnum 43

VIÐAUKAR:

1. Viðtalsrannsókn um félagsleg þolmörk ferðamennsku meðal íbúa á Suðurlandi
2. Spurningakönnunin *Viðhorf Sunnlendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu*
3. Umræðurammi fyrir lausnamiðaða rýnihópa á skilgreindum álagssvæðum

1. Inngangur

Rannsóknin sem hér verður kynnt er lokaafurð áhersluverkefnis Samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi (SASS) sem ber heitið *Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu*. Stjórn SASS tók ákvörðun um að ráðast í þetta verkefni árið 2016 og því var svo endanlega hrint af stokkunum haustið 2017. Í lýsingu áhersluverkefnisins segir:

> **Markmiðið er að afla upplýsinga um viðhorf íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðaþjónustu og greina þannig þolmörk íbúa gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu út frá hinum ýmsu þáttum í innviðum samfélagsins. Markmiðið með að afla þeirra upplýsinga er til stöðumats og forsenda til ákvarðanatöku til að bregðast við ef þurfa þykir.**
>
> **Vinna á þolmarkarannsókn út frá viðhorfum íbúa á Suðurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu, vinna að skýrslugerð og kynna niðurstöðurnar. Í kjölfar hins mikla vaxtar sem átt hefur sér stað í ferðaþjónustu hafa viðhorf og hugsanleg þolmörk verið mikið til umræðu. Nauðsynlegt er að vöxtur í ferðaþjónustu eigi sér stað í sátt við íbúa og samfélagið. Upplýsingarnar geta orðið gagn við ákvarðanatöku til að bregðast við þar sem þörf er á svo ferðaþjónustan geti byggst upp í sátt við íbúa á Suðurlandi.**[1]

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði tók að sér að vinna rannsókn á grundvelli ofangreindrar lýsingar, í samráði við verkefnastjórn sem skipuð var þremur ráðgjöfum hjá SASS: Þórði Frey Sigurðssyni, Ragnhildi Sveinbjarnardóttur og Hrafnkatli Guðnasyni. Ákveðið var að beita blandaðri þrepaskiptri nálgun, þar sem eigindlegar og megindlegar aðferðir væru notaðar á víxl. Byggt var á eldri rannsóknum um félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi eftir föngum og leitað samráðs við sérfræðinga hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um hönnun á rannsóknaramma einstakra þrepa.

Leiðarljós rannsóknarvinnunar var setningin: „Nauðsynlegt er að vöxtur í ferðaþjónustu eigi sér stað í sátt við íbúa og samfélagið“ í lýsingu áhersluverkefnis SASS. Ávallt var reynt að huga að hagnýtu gildi verkefnisins, þ.e. að rannsóknaniðurstöður gætu nýst til stefnumótunar og ákvarðanatöku af hálfu stjórnvalda í einstökum sveitarfélögum eða á grundvelli landshlutans alls.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðum úr hverju þrepi rannsóknarinnar fyrir sig. Byrjað verður á stuttri samantekt um rannsóknarsvæðið og fyrri rannsóknir sem þar hafa verið gerðar. Síðan verður rætt um einstaklingsviðtölin sem tekin voru (þrep 1), þá spurningakönnunina sem framkæmd var (þrep 2) og loks lausnamiðuðu rýnihópaviðtölin (þrep 3). Í síðasta kaflanum verða niðurstöður rannsóknarinnar teknar saman í heild sinni og á grundvelli þeirrar samantektar lagðar fram tillögur að aðgerðum sem ráðast mætti í til þess að draga úr neikvæðum áhrifum af völdum hröðs vaxtar ferðaþjónustu á Suðurlandi, svo og til þess að styrkja jákvæð áhrif hennar enn frekar í sessi.

Höfundar skýrslunnar þakka ráðgjöfum SASS gott og farsælt samstarf við framkvæmd þessa verkefnis. Eyrúnu Jennýju Bjarnadóttur, sérfræðingi hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála, og Ásdísi A. Arnalds, sérfræðingi hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, færum við alúðarþakkir fyrir hjálpsemi og aðstoð við undirbúning rannsóknanna. Einnig viljum við þakka Félagsvísindastofnun fyrir gott samstarf um framkvæmd spurningakönnunarinnar. Petrínu Freyju Sigurðardóttur, félagsfræðingi, færum við þakkir fyrir aðstoð við framkvæmd viðtala. David C. Ostman útbjó kort fyrir rannsóknina og Tjörvi Óskarsson endurbætti skýringarmyndir – við þökkum þeim báðum kærlega fyrir aðstoðina. Að lokum færum við öllum Sunnlendingum sem tóku þátt í rannsókninni okkar allra bestu þakkir.

[1] http://www.sass.is/felagsleg-tholmork-ibua-a-sudurlandi-gagnvart-ferdamonnum-og-ferdathjonustu/

2. Staða þekkingar

2.1 Ferðamennska á Suðurlandi

Eins og kunnugt er hefur umfang ferðaþjónustunnar á Íslandi vaxið mjög mikið og hratt á undanförnum sjö árum eða svo. Vaxtarskeiðið hófst árið 2011 og stóð fram ársloka 2017; á því tímabili var meðalaukningin í komum ferðamanna um 25% milli ára.[2] Vöxturinn var hraðastur milli áranna 2015 og 2016, en erlendir ferðamenn voru 40,1% fleiri árið 2016 en árið áður. Heildarfjöldi erlendra ferðamanna árið 2010 var um 459 þúsund en árið 2017 var fjöldinn orðinn tæpar 2,2 milljónir – fjöldinn hafði því samtals ríflega fjórfaldast á því vaxtartímabili sem hér um ræðir.[3] Samhliða fjölgun ferðamanna hefur árstíðasveifla í komum þeirra minnkað verulega á landsvísu. Árið 2010 komu þannig 50,5% erlendra ferðamanna til Íslands utan háannatímans (þ.e. júní – ágúst) en árið 2017 var þetta hlutfall orðið 64,6%. Mesta aukningin hlutfallslega hefur átt sér stað yfir vetrarmánuðina (Mynd 1).



MYND 1: Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi 2003-2018, sundurliðaður eftir árstíðum

Áhrifin á árstíðasveifluna hafa þó verið mismunandi eftir landshlutum. Árstíðasveiflan er mjög lítil á höfuðborgarsvæðinu því það svæði heimsækja nær allir erlendir ferðamenn sem á annað borð koma til Íslands. Árið 2018 heimsóttu þannig milli 90,3% – 94,4% allra ferðamanna höfuðborgarsvæðið; meðaltalið yfir árið var 92,7%. Suðurland er sá landshluti sem kemur næstur höfuðborgarsvæðinu hvað heimsóknir ferðamanna varðar, þangað komu að meðaltali 73,0% erlendra ferðamanna árið 2018.[4] Árstíðasveiflan á Suðurlandi er heldur meiri en á höfuðborgarsvæðinu; þegar mest var heimsóttu 84,4% erlendra ferðamanna Suðurland (september) en 61,4% þegar minnst var (janúar).[5] Út frá þessum tölum má síðan áætla að mánaðarlegur fjöldi erlendra ferðamanna á Suðurland hafi að meðaltali verið um 169 þúsund manns árið 2018, mestur var fjöldinn um 239 þúsund í ágústmánuði en minnstur um 90 þúsund manns í desember (Mynd 2).

[2] https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/ferdathjonusta-i-tolum-manadarleg-utgafa
[3] https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/ferdtjonusta-i-tolum
[4] https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/category/1/ferdathjonusta-i-tolum-april-2019
[5] https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/is/kannanir/netkonnun



MYND 2: Hlutfall erlendra ferðamanna sem heimsótti ólíka landshluta eftir mánuðum 2018

Þótt vísbendingar séu nú um að verulega hafi hægt á aukningu í komum ferðamanna milli ára þá verður samt að hafa hugfast að umfang ferðaþjónustunnar er nú orðið allt annað og meira en það var áður en vaxtarskeiðið hófst. Aukningin í komum erlendra ferðamanna til Íslands milli áranna 2017 og 2018 var þannig „aðeins“ 5,5% en sú aukning er þó mjög svipuð þeirri aukningu sem tíðkaðist á árunum áður en vaxtarskeiðið hófst.[6] Þótt hlutfallstalan sé svipuð þá er að sjálfsögðu mjög mikill munur í fjölda talið; 5,5% aukning á heildarfjölda erlendra ferðamanna samsvaraði um 25.260 manns árið 2011 en um 120.740 manns árið 2018. Einnig þarf að athuga að aukningin á landsvísu gefur ekki endilega rétta af mynd af breytingum í einstökum landshlutum, hvorki hvað heildarfjölda yfir árið né árstíðasveiflu varðar. Þá getur dreifing ferðamanna innan hvers landshluta verið mjög breytileg í tíma og rúmi; aðdráttarafl hvers einstaks áfangastaðar ræður þar auðvitað miklu en samgöngur geta einnig skipt verulegu máli, einkum utan háannatímans. Á Suðurlandi eru margir vinsælir ferðamannastaðir sem jafnframt eru flestir vel aðgengilegir allt árið um kring. Því má ætla að landshlutinn verði áfram vel sóttur af erlendum ferðamönnum – vetur, sumar, vor og haust.

[6] https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/ferdtjonusta-i-tolum

2.2 Eldri rannsóknir á félagslegum áhrifum ferðamennsku

Í ferðamálafræði er gerður greinarmunur á ferns konar þolmörkum ferðamennsku: Þolmörkum náttúru, þolmörkum innviða, félagslegum þolmörkum ferðamanna og félagslegum þolmörkum heimamanna. Verkefnið sem hér um ræðir fellur undir síðasttalda liðinn, en þó með meiri áherslu á möguleg samfélagsleg og menningarleg áhrif af völdum ferðamennsku en á greiningu félagslegra þolmarka sem slíkra. Ákvörðun þolmarka ferðamennsku – ekki þá síst félagslegra þolmarka heimamanna – eru ýmsum vandkvæðum bundnar. Flestar íslenskar þolmarkarannsóknir fram til þessa hafa lotið að einstökum áfangastöðum ferðamanna, oftast þá stöðum þar sem náttúran er aðalaðdráttaraflið, og þá einkum til viðhorfa þeirra erlendu ferðamanna sem þangað sækja. Rannsóknir á viðhorfum heimamanna til áhrifa af völdum ferðamanna og ferðaþjónustu á þeirra eigin heimabyggðir hófust fyrir tveimur áratugum en mun meiri áhersla hefur verið lögð á slíkar rannsóknir á allra síðustu árum, í kjölfar vaxtarskeiðsins sem áður hefur verið lýst. Í apríl 2018 var lögð fram skýrsla ferðamála-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra þar sem tekið var saman heildaryfirlit um þær íslenskar rannsóknir sem gerðar höfðu verið á þolmörkum ferðamennsku af ólíkum toga.[7] Þar er þolmarkarannsóknum lýst með eftirfarandi hætti (s. 78):

> **Íslenskir rannsakendur hafa fyrst og fremst nýtt þolmarkahugtakið sem regnhlífarhugtak um sjálfbæra þróun ferðamannastaða sem gera út á náttúrutengda ferðamennsku og útivist. Í heildstæðum rannsóknum hefur verið unnið með eftirfarandi skilgreiningu: Þolmörk ferðamennsku er *„sá fjöldi gesta sem svæði getur tekið á móti áður en neikvæðra áhrifa fer að gæta, hvort heldur er náttúrulegt umhverfi, upplifun ferðamanna eða viðhorf heimamanna“*. Þar er veikasti hlekkurinn látinn ráða, þ.e. ef þolmörkum eins þáttar er náð er þolmörkum ferðamennsku náð. Hins vegar hefur sá annmarki háð rannsóknum á þolmörkum ferðamennsku á Íslandi að ekki er búið að marka stefnu fyrir ferðamannastaðina sem hafa verið til rannsóknar eða skilgreina þolmörk ásættanlegra breytinga. Rannsóknirnar hafa því ekki getað úrskurðað um hvort þolmörkum svæða sé náð eða ekki. Því hafa rannsóknirnar frá upphafi ekki getað úrskurðað um þolmörk á þeim grunni heldur fyrst og fremst verið hugsaðar sem hluti af nauðsynlegri upplýsingaöflun fyrir stefnumörkun, markmiðssetningu og ákvarðanir um viðmið þolmarka viðkomandi svæða.**

Í skýrslunni má finna yfirlit um þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á Íslandi um félagsleg þolmörk heimamanna eða – í víðari skilningi – samfélagsleg áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu á íbúa í heimabyggðum þeirra. Þessum rannsóknum er lýst með eftirfarandi orðum í skýrslunni (s. 149):

> **Íslenskir rannsakendur hafa farið ólíkar leiðir til að meta félagsleg þolmörk heimamanna en í grunninn eiga þær sameiginlegt að kanna hvort og hvernig ferðamennska og ferðaþjónusta á ákveðnu svæði hafi áhrif á líf og líðan þess fólks sem þar býr og starfar og hvort og hvernig heimamenn una við þau áhrif og breytingar sem þau hafa í för með sér.**

[7] https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/utgefid-efni/umfang-og-ahrif/skyrsla-ferdamala-idnadar-og-nyskopunarradherra-um-tholmork-ferdamennsku

Fyrsta íslenska rannsóknin á félagslegum þolmörkum heimamanna gagnvart ferðamönnum var unnin á árunum 1999-2001; hún fór fram á Suðurland, nánar tiltekið í Öræfum.[8] Samskonar rannsóknir voru einnig unnar í Lónsöræfum[9], Landmannalaugum[10] og Jökulsárgljúfrum á þessum upphafsárum. Þær voru allar liður í heildstæðum rannsóknum á þolmörkum ferðamennsku, þ.e. rannsóknum sem lutu að öllum fjórum gerðum þolmarka í einni og sömu rannsókn. Þessar rannsóknir voru unnar af Önnu Dóru Sæþórsdóttur, prófessor í land- og ferðamálafræði við Háskóla Íslands, og samstarfsfólki hennar. Eftir þessa fyrstu lotu rannsókna tók við talsvert langt hlé áður en kerfisbundnar rannsóknir hófust að nýju á félagslegum þolmörkum heimamanna og þá undir talsvert breyttum formerkjum. Á árunum 2014-2015 stóð Ferðamálastofa fyrir tvíþættri rannsókn á viðhorfum Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamennsku. Fyrri hluti rannsóknarinnar fólst í gerð megindlegrar spurningakönnunar sem lögð var fyrir úrtak allra landsmanna árið 2014.[11] Könnunin var framkvæmd af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands en niðurstöður hennar voru síðan greindar nánar af sérfræðingum hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF).[12] Í skýrslu RMF var einnig tekin saman fræðileg greinargerð um erlendar rannsóknir á félagslegum áhrifum ferðamennsku á íbúa í heimabyggðum. Seinni hluti rannsóknarinnar fólst í söfnun og úrvinnslu gagna með eigindlegum aðferðum. Hún for fram árið 2015 og var framkvæmd af rannsóknarhópi við Háskólann á Hólum.[13] Gögnum var aflað með viðtölum og vettvangsathugunum á fjórum stöðum á landinu, þ.m.t. á Hellu, Húsavík, Ísafirði og Reykjavík. Árið 2016 vann Rannsóknamiðstöð ferðamála rannsókn með blandaðri aðferð, þ.e. bæði megindlegum og eigindlegum nálgunum, í þremur byggðarlögum: Höfn, Siglufirði og Mývatnssveit.[14] Verkefnin var fjármagnað af atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytinu. Árið 2017 var síðan gerð ný spurningakönnun á landsvísu og verður hún nánar rædd í næsta kafla.

[8] http://www.rmf.is/static/files/Documents/Publications/Reports/2005_and_older/sfell.pdf
[9] http://www.rmf.is/static/files/Documents/Publications/Reports/2005_and_older/lonsor.pdf
[10] http://www.rmf.is/is/moya/research/index/skyrslur-reports/tholmork-ferdamennsku-i-landmannalaugum
[11] https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/kannanir-og-rannsoknir/sertaekar-kannanir
[12] https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/utgefid-efni/umfang-og-ahrif/vidhorf-islendinga-til-ferdafolks-og-ferdathjonustu-greining-konnunar-medal-islendinga-oktober-2014
[13] https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/utgefid-efni/umfang-og-ahrif/felagsleg-ahrif-ferdamennsku-og-ferdathjonustu
[14] http://www.rmf.is/is/moya/research/index/skyrslur-reports/greining-a-ahrifum-ferdathjonustu-og-ferdamennsku-i-einstokum-samfelogum

2.3 Landskönnunin 2017

Síðla árs 2017 (september – nóvember) gerði Rannsóknamiðstöð ferðamála, að tilhlutan atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins, nýja landskönnun um viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu. Auk skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar í heild voru gefin út yfirlit um niðurstöður í einstökum landshlutum, þ.m.t. frá Suðurlandi.[15] Viðhorfin voru skoðuð nánar m.t.t. skiptingar í sjö svæði sem samsvara starfssvæðum markaðsstofa landsbyggðarinnar. Samanburður á viðhorfum þátttakenda á Suðurlandi við viðhorf þátttakenda annars staðar á landinu leiddi í ljós töluverðan mun milli landssvæða í nokkrum spurningum. Stærð úrtaksins meðal íbúa á Suðurlandi var 807 og frá þeim hópi bárust 354 svör (svarhlutfall 44%). Úrtak af þessari stærðargráðu býður ekki upp á greiningu eftir undirsvæðum eða byggðarlögum innan landshlutans. Hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum landskönnunarinnar 2017 um viðhorf íbúa á Suðurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu.

Ef fyrst er horft til neikvæðra áhrifa ferðaþjónustunnar, þá voru Sunnlendingar líklegri til að telja að fjöldi ferðamanna væri of mikill yfir sumarið, í samanburði við þátttakendur á landinu öllu (s. 2). Á Suðurlandi sögðust níu af hverjum tíu þátttakendum verða nánast daglega varir við ferðamenn og var það hæsta hlutfallið sem mældist í könnuninni (s. 4). Þá sagðist meirihluti þátttakenda (61,2%) á Suðurlandi vera orðinn hræddari en áður við að keyra á þjóðvegum landsins vegna aukinnar umferðar ferðamanna (s. 4). Einnig voru fleiri þátttakendur á Suðurlandi (37,5%) þeirrar skoðunar að heimabyggð þeirra gæti ekki tekið við fleiri ferðamönnum en þátttakendur könnunarinnar í heild (s. 5). Loks voru fleiri þátttakendur á Suðurlandi (29%) þeirrar skoðunar að ferðamenn takmarki aðgengi annarra að þjónustu í þeirra heimabyggð en þátttakendur annars staðar af á landinu (s. 6). Þátttakendur á Suðurlandi (84%) voru á hinn bóginn frekar á þeirri skoðun að ferðamenn efli verslun í þeirra heimabyggð en þátttakendur úrtaksins í heild (s. 6). Í skýrslu Rannsóknamiðstöðvar ferðamála eru þær niðurstöður landskönnunarinnar 2017 sem varða Suðurland teknar saman með eftirfarandi orðum:

> **Áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu á Suðurlandi eru almennt jákvæð að mati heimamanna á svæðinu en þeir sem starfa við ferðaþjónustu og geta hugsað sér starf í ferðaþjónustu eru jákvæðasti hópurinn gagnvart ferðaþjónustu. Sunnlendingar telja ferðaþjónustuna vera blómstrandi atvinnugrein sem efli byggð og færi samfélaginu miklar tekjur. Auk þess auki ferðaþjónustan fjölbreytni í mannlífi, atvinnuháttum og þjónustu á svæðinu vegna fjöldans sem heimamenn njóta almennt góðs af. Auknum fjölda ferðamanna fylgir þó greinilega aukið álag á daglegt líf heimamanna. Meirihluti íbúa á Suðurlandi verður nær daglega var við ferðamenn og um þriðjungur Sunnlendinga segist finna fyrir meira ónæði vegna ferðamanna en áður. Íbúar á Suðurlandi fundu mest allra fyrir ónæði vegna ferðamanna samanborið við aðra landshluta. Sunnlendingar hafa áhyggjur af tilteknum innviðum, einkum salernisaðstöðu og vegakerfi og þeim finnst almennt umgengni ferðamanna í náttúrunni vera ábótavant. Um helmingur íbúa á Suðurlandi kveðst forðast ákveðna staði sem þeir vita að marga ferðamenn er að finna. Þá kom einnig í ljós að sex af hverjum tíu eru hræddari nú en áður við að keyra á þjóðvegunum vegna aukinnar umferðar.**

Í skýrslunni um niðurstöður landskönnunarinnar í heild var gerður samanburður á viðhorfum landsmanna allra í rannsóknunum 2014 og 2017.[16] Niðurstöður voru almennt nokkuð áþekkar milli kannana. Þátttakendur í landskönnunni 2017 töldu ferðaþjónustuna, líkt og áður, vera efnahagslega mikilvæga og að ferðamenn auki fjölbreytileika mannlífsins (s. 1). Landsmenn virtust eiga í góðum samskiptum við ferðamenn og finna áfram fyrir bættum lífsgæðum vegna ferðaþjónustu í byggðarlögum sínum. Milli kannana komu þó fram neikvæðari viðhorf til ýmissa þátta, einkum

[15] http://www.rmf.is/is/moya/research/index/samantektirsummaries/vidhorf-ibua-a-sudurlandi-til-ferdamanna-og-ferdathjonustu
[16] http://www.rmf.is/is/moya/research/index/skyrslur-reports/thvi-meiri-samskipti-thvi-meiri-jakvaedni

varðandi áhrif ferðamanna á umhverfi og náttúru, svo og viðhorf til starfa í ferðaþjónustu. Við greiningu á gögnum könnunarinnar 2017 á landsvísu kom fram marktækur munur á milli lýðfræðilegra hópa í allmörgum tilvikum; þannig voru konur til dæmis líklegri en karlar til að telja fjölda ferðamanna á sumrin vera of mikinn (s. 20), líklegri til að telja ferðamenn takmarka aðgengi að þjónustu (s. 24) og einnig líklegri til að telja ferðamenn spilla náttúru landsins (s. 26) og upplifun af landinu (s. 27).

Línuleg aðhvarfsgreining á gögnum landskönnunarinnar 2017 leiddi síðan meðal annars í ljós tengsl á milli þess hve oft þátttakendur voru í samskiptum við ferðamenn og viðhorfa til ýmissa áhrifaþátta. Niðurstöðum greiningarinnar í heild er lýst með eftirfarandi orðum í skýrslu Rannsóknamiðstöðvar ferðamála (s. 1-2):

> **Niðurstöðurnar sýna að samband er á milli þess að eiga oft samskipti við ferðamenn og mats landsmanna á áhrifum ferðamanna á atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag. Því oftar sem landsmenn eiga í samskiptum við ferðamenn því líklegra er að þeir séu jákvæðir í garð áhrifa ferðamanna á atvinnulíf og efnahag sem og mannlíf og samfélag. Einnig er jákvætt samband milli þess hvernig landsmönnum líkar að eiga í samskiptum við ferðamenn og mats þeirra fyrrnefndu á áhrifum ferðamanna á náttúru og umhverfi, atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag. Því betur sem fólki líkaði við að hafa samskipti við ferðamenn því líklegra var það til að vera jákvæðara í mati á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamanna. Einnig er samband á milli mats fólks á áhrifum ferðamanna á eigin lífsgæði og mats á áhrifum ferðamanna á náttúru og umhverfi, atvinnulíf og efnahag og mannlíf og samfélag. Því jákvæðari áhrif sem fólk telur ferðamenn hafa því líklegra er það til að finna til batnandi lífsgæða.**

Á heildina litið birtir landskönnunin 2017 talsvert flókna mynd af áhrifum ferðaþjónustunnar á heimamenn. Samfélagslegu þættirnir sem ferðaþjónustan getur haft áhrif á eru fjölmargir og áhrifin sem fram koma geta ýmist þótt jákvæð eða neikvæð. Staðbundnar aðstæður í einstökum byggðarlögum geta enn fremur ráðið miklu um það hversu sterk áhrifin verða og jafnvel í sumum tilfellum gert útslagið um það hvort þau sé frekar talin jákvæð eða neikvæði í því samfélagi sem um ræðir hverju sinni. Niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar – þeirrar fyrstu sem gerð er á gögnum sem þessum – varpa þó nýju og áhugaverðu ljósi á hin margþættu tengsl gestgjafa og gesta, og samfélags og atvinnulífs, sem skapast í heimabyggðum fólks vegna ferðamennsku.

3. Viðtölin

Fyrsti hluti rannsóknarinnar fólst í hönnun og framkvæmd eigindlegrar viðtalskönnunar á meðal íbúa á helstu þéttbýlisstöðum á Suðurlandi. Hér var um forkönnun að ræða en meginmarkmið hennar voru að: (1) skoða hvers konar viðhorf kæmu fram hjá íbúum varðandi áhrif ferðaþjónustunnar í nærumhverfi þeirra; (2) kanna hversu lík eða ólík þessi viðhorf væru á milli þéttbýlisstaða; (3) athuga hvort vísbendingar væru um miklar viðhorfsbreytingar á allra síðustu árum, í samanburði við niðurstöður eldri rannsókna sem gerðar höfðu verið. Byggt var á eldri eigindlegum rannsóknum sem unnar höfðu verið af Háskólanum á Hólum (2015)[17] og Rannsóknamiðstöð ferðamála (2016).[18]



MYND 3: Kort af Suðurlandi, sem sýnir m.a. staðsetningu þeirra 14 staða þar sem viðtölin voru tekin

Viðtalskönnunin fór fram í september 2017. Tekin voru viðtöl við alls 24 einstaklinga, 12 konur og 12 karla, búsetta á 14 mismunandi þéttbýlisstöðum á Suðurlandi. Á fjölmennustu stöðunum voru tekin þrjú viðtöl, en eitt eða tvö viðtöl á minni stöðum. Þátttakendur voru valdir af handahófi úr símaskrá en þess gætt að kynjahlutfallið væri á heildina litið jafnt. Tekin voru hálf-opin viðtöl, þ.e. viðtöl sem byggðu á stöðluðum spurningaramma (Viðauki 1) en þar sem áhersla var lögð á að þátttakendur gætu komið því á framfæri sem þeim lá sjálfum mest á hjarta. Spyrlar sóttu þátttakendur heim, þ.e. mættu á heimili þeirra eða vinnustaði eftir atvikum. Viðtölin stóðu yfir í mislangan tíma, allt frá 10 og upp í 78 mínútur. Meðallengd viðtala var um 32 mínútur. Viðtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð til greiningar.

[17] https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/utgefid-efni/umfang-og-ahrif/felagsleg-ahrif-ferdamennsku-og-ferdathjonustu
[18] http://www.rmf.is/is/moya/research/index/skyrslur-reports/greining-a-ahrifum-ferdathjonustu-og-ferdamennsku-i-einstokum-samfelogum

Forkönnun af þessum toga gefur ekki tilefni til neinna alhæfinga, hvorki um einstök byggðarlög (enda aðeins örfá viðtöl tekin á hverju svæði) né um landshlutann í heild (það eru mörg og fjölbreytt byggðarlög innan hans). Markmið hennar var fyrst og fremst að undirbyggja 'hryggjarstykki' rannsóknarinnar, þ.e. megindlegu spurningakönnunina sem unnin var í þrepi 2. Niðurstöður forkönnunarinnar eru eftir sem áður áhugaverðar sem slíkar og því verður gerð grein fyrir þeim hér að neðan, í stuttu máli.

Í hnotskurn, þá gefa viðtölin vísbendingar um að áhrif ferðamanna og ferðaþjónustu á íbúa og byggðarlög á Suðurlandi eru afar fjölbreytt og bæði af jákvæðum og neikvæðum toga. Sum þessara áhrifa snertu viðmælendur fyrst og fremst sem einstaklinga, önnur vörðuðu nærsamfélög þeirra og loks komu fram vísbendingar um áhrif sem ætla má að snerti íbúa í landshlutanum öllum (eða a.m.k. í stórum hluta hans). Greining viðtalanna miðaðist því við að skoða viðhorf til þessara þriggja sviða: hins persónulega, hins staðbundna og hins almenna. Hafa bera í huga að mörk á milli sviða eru ekki ávallt mjög skýr og einnig að sum áhrif geta komið fram á fleiri en einu sviði. Í greiningunni er unnið út frá öllum svörum, án tillits til byggðarlagsins þar sem viðtölin fóru fram, með það fyrir augum að gefa ákveðið 'þversnið' af viðhorfum íbúa á Suðurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu innan landshlutans.



Mynd 4: Helstu vísbendingar um áhrif ferðaþjónustu á persónulega sviðið

Á mynd 4 gefur að líta samantekt um helstu áhrif sem varða persónulega sviðið hjá viðmælendum. Eins og áður hefur komið fram, þá voru sum áhrif talin neikvæð en önnur jákvæð. Þá getur verið álitamál hvort áhrif á þætti eins og fasteignaverð eigi að flokka undir persónulega sviðið eða staðbundna sviðið (væntanlega snertir þetta atriði þau bæði). Hér að neðan eru sýnd nokkur dæmi (beinar tilvitnanir úr viðtölum) um viðhorf viðmælenda til bæði neikvæðra og jákvæðra breytinga sem rekja má til uppgangs ferðaþjónustunnar.

> *Maður fer aldrei út að éta lengur, þetta er alltaf fullt af ferðamönnum, það er aldrei pláss fyrir mann.*
>
> *Persónulega fer ég ekki í sund hérna, því það er svo svakalega mikið af útlendingum þar. Ég ímynda mér að það sé bara orðinn svona drullupollur sko.*
>
> *Þú ert að fara upp um uppsveitir í sunnudagsbíltúr og stoppar í sjoppu og færð ekki lengur afgreiðslu nema á erlendu tungumáli og þú ert í þínu landi, þetta finnst mér skelfilegt.*
>
> *Fasteignirnar okkar eru orðnar miklu verðmætari en þær voru fyrir tveimur árum, við erum loksins komin með fasteignir sem eru einhvers virði.*
>
> *Fólk sem vill vinna og hefur tök á, getur leikandi búið sér til tekjur úr ferðaþjónustu.*
>
> *Það vilja allir vera góðir við þessa ferðamenn, en samt svona smá pirr skilurðu.*



Mynd 5: Helstu vísbendingar um áhrif ferðaþjónustu á staðbundna sviðið

Mynd 5 sýnir viðhorf til helstu áhrifa sem komu fram í nærsamfélagi viðmælenda, þ.e. á staðbundna sviðinu. Hér voru áhrifin flest og jafnframt fjölbreyttust. Sem fyrr komu fram vísbendingar bæði um neikvæð og jákvæð áhrif, en athygli vekur að áhrif á einstaka þætti gátu verið talin jákvæð í einu byggðarlagi en neikvæð í öðru (t.d. hvað varðar áhrif á félagslíf íbúa eða aðgengi að þjónustu). Þá komu fram skiptar skoðanir á breytingum sem höfðu orðið á 'bæjarbragnum' í nærsamfélaginu. Hér koma nokkur dæmi um svör viðmælenda:

Þetta er hætt að vera litla friðsæla þorpið.

Heilsugæslan er með sama opnunartíma og bara í kringum 1980 og eitthvað.

Það er alltaf að verða erfiðara og erfiðara að fá fólk í þessi hefðbundnu störf.

Það hefur engin þjónusta bæst við fyrir heimamenn.

Þetta gefur líf inn í þorpið, árið 2007 var bara engin hreyfing, maður vissi rútínuna hjá öllum.

Það er meira í boði núna, það er ekki bara sjávarútvegurinn, ekki öll eggin í sömu körfunni.

Ferðaþjónustan myndi ég nú næstum segja að haldi uppi hérna svæðinu.

Sem hluti af ferðaþjónustunni fáum við meiri þjónustu í staðinn.



Mynd 6: Helstu vísbendingar um áhrif ferðaþjónustu á almenna sviðið

Mynd 6 sýnir helstu viðhorf sem varða almenna sviðið, þ.e. áhrif sem víða voru nefnd eða sem ætla má að komi víða fram, óháð einstaklingum eða byggðarlögum. Dæmi um svör hjá einstökum viðmælendum:

> *Innviðirnir hjá ríkinu bara fylgja ekki því sem er að gerast.*
>
> *Ég held að enskan yfirtaki Ísland bara eftir einhver ár ef við pössum okkur ekki.*
>
> *Ferðatímanum lýkur aldrei.*
>
> *Ég á vinkonu sem vinnur í bókhaldi og hún var að gera upp 700 launaseðla hérna á síðasta ári, bara úr ferðaþjónustunni.*
>
> *Veitingahúsin eru auðvitað troðfull öll kvöld, alla daga af ferðafólki.*
>
> *Febrúar er farinn að verða jafn góður og júlí, bara út af norðurljósunum.*

Mynd 7: Samantekt um helstu vísbendingar um áhrif sem fram komu í viðtölunum

Á mynd 7 hér að ofan má svo sjá samantekt um þau áhrif, bæði neikvæð og jákvæð, sem oftast voru nefnd af viðmælendum í viðtalskönnuninni. Sumar breytingar af völdum ferðaþjónustu virðast snerta öll þrjú svið – þ.e. hið persónulega, staðbundna og almenna – einkum aukin umferð og sérstaklega þá í þeim byggðarlögum sem liggja við þjóðveg 1. Hér að neðan koma nokkur dæmi um viðhorf viðmælenda til þróunar bílaumferðar:

> *Vegakerfið er allt að hrynja og það er andskotann ekkert gert.*
>
> *Menn eru ekkert að fara að taka einhverja sunnudagsbíltúra hérna út í sveit, maður getur varla hent krökkunum út án þess að vera hræddur um að það verði keyrt á þau.*
>
> *Mér finnst eins og ég sé í rússneskri rúlletu á veturnar á þjóðveginum.*
>
> *Umferðin hefur aukist svakalega mikið. Barnafólk er orðið hrætt um börnin sín hérna í aðalgötunum.*

Á heildina litið gefur þessi fyrsti hluti rannsóknarinnar vísbendingar um að áhrif af völdum ferðamanna og ferðaþjónustu gæti mjög víða í lífi íbúa á Suðurlandi og einnig að þau komi fram á fjölbreyttan hátt. Jafnframt virðist ljóst að viðhorf íbúa til þessara áhrifa eru talsvert 'blendin': Viðmælendur sjá þannig flestir bæði 'kost og löst' á þeim breytingum sem hafa átt sér stað á undanförnum árum og talin eru orsakast, beint eða óbeint, af auknum straumi ferðamanna um svæðið og/eða auknum umsvifum ferðaþjónustuaðila. Viðhorfin geta enn fremur verið talsverð breytileg á milli byggðarlaga og/eða ekki haft samskonar áhrif á alla sem rætt var við.

Algengast er að jákvæð áhrif séu tengd öflugra atvinnulífi, einkum þá fjölgun starfa, og samhliða því auknum íbúafjölda og, í sumum tilvikum, aukinni þjónustu (einkum þá á vegum einkaaðila). Sumir viðmælendur nefndu vetrar-/heilsársferðaþjónustu sérstaklega í þessu sambandi, en hún hefur eflst á tiltölulega skömmum tíma í mörgum sunnlenskum byggðarlögum.

Neikvæð áhrif voru tengd heldur breiðara sviði; aukinn umferðarþungi á þjóðvegum kom mjög oft til tals og þá í margvíslegu samhengi; aukið álag á almannaþjónustu (einkum þá heilsugæslu) var víða nefnt; einnig ruðningsáhrif ferðaþjónustunnar á aðrar atvinnugreinar; og – síðast en ekki síst – breytingar á samskiptum og félagslífi íbúa vegna fjölgunar starfsfólks af erlendum uppruna í ferðaþjónustu.

Sum áhrifin sem viðmælendur nefndu mega enn fremur teljast 'tvíbent', t.d. aukin aðsókn ferðamanna að veitingahúsum sem gerir eigendunum kleift að hafa þau opin lengur yfir árið en leiðir jafnframt til þess að viðskiptavinir þeirra í heimabyggðinni geta átt erfiðara með að fá aðgang að þessari þjónustu en áður. Annað slíkt dæmi snýr að áhrifum á verð fasteigna – hækkun fasteignaverðs leiðir í aðra röndina til þess að erfiðara getur reynst að eignast eigið húsnæði en áður í byggðarlaginu, en í hina röndina til þess að fasteignaverð færist nær raunvirði, þ.e. raunverulegum byggingarkostnaði.

Flest ofangreind áhrif mega teljast samfélagsleg frekar en menningarleg, þótt mörkin þar á milli séu ekki endilega skýr. Helstu vísbendingar um dýpri eða meira langvarandi áhrif varða annars vegar breytingu á 'bæjarbrag' (sem var ýmist talin jákvæð eða neikvæð) og hins vegar fjölgun íbúa af erlendum uppruna sem talin var hafa áhrif á samskipti fólks innan byggðarlaganna, meðal annars vegna þess að íbúarnir töluðu ekki lengur allir sama tungumálið og þekktust einnig minna innbyrðis en áður var raunin.

4. Spurningakönnunin

Annað þrep rannsóknarinnar hófst með yfirferð á þeim megindlegu spurningakönnunum um félagsleg þolmörk heimamanna sem áður höfðu verið lagðar fyrir á landsvísu á Íslandi. Eldri spurningar og mælitæki voru skoðuð í ljósi þeirra vísbendinga um áhrif af völdum ferðamanna og ferðaþjónustu sem fram komu í viðtölunum (þrep 1). Leitað var eftir ráðgjöf og samstarfi við sérfræðinga hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands varðandi hönnun nýrra spurninga á grundvelli vísbendinga úr viðtalskönnuninni, auk þess sem orðalag ýmissa eldri spurninga var endurskoðað. Þar sem Rannsóknamiðstöð ferðamála hafði skömmu áður (þ.e. haustið 2017) gert nýja spurningakönnun á landsvísu var ákveðið að horfa sérstaklega til viðhorfa íbúa á svæðum þar sem ætla mætti að álagið vegna ferðamanna væri einna mest á Suðurlandi. Þessi byggðarlög væru þá jafnframt þau samfélög innan landshlutans þar sem vænta mætti mestra áhrifa á íbúa af völdum ferðaþjónustunnar og því gætu viðhorf íbúa þar gefið skýrustu vísbendingar um þær breytingar á samfélagi og menningu sem orðið hafa. Valin voru þrjú slík álagssvæði til nánari skoðunar; eitt á vesturssvæðinu (Bláskógabyggð), eitt á miðsvæðinu (Mýrdalshreppur) og eitt á austursvæðinu (Hornafjörður). Val á álagssvæðum tók mið af upplýsingum frá Rannsóknum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf. um fjölda erlendra ferðamanna á einstökum áfangastöðum á Suðurlandi.[19]

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um framkvæmd spurningakönnunarinnar og hafa niðurstöður hennar verið teknar saman í sérstakri skýrslu (Fylgiskjal 1).[20] Könnunin náði til úrtaks 1.657 íbúa á Suðurlandi og fór fram bæði í gegnum síma og net. Fyrst var tekið samtals 900 manna úrtak frá skilgreindu álagssvæðunum þremur, þ.e. 300 manna aukaúrtak úr hverju eftirtalinna sveitarfélaga: Bláskógabyggð, Mýrdalshreppi og Hornafirði. Hringt var í þessa einstaklinga og könnunin lögð fyrir þá í gegnum síma. Einnig var könnunin send á alla þátttakendur í netpanel Félagsvísindastofnunar sem búsettir voru á Suðurlandi og ekki voru í úrtaki fyrir símakönnunina. Hlekkur að könnuninni var sendur í tölvupósti til þátttakenda í netpanelnum, all 757 einstaklinga. Gagnaöflun hófst 4. júní 2018 og lauk 2. júlí 2018. Alls svöruðu 761 einstaklingar könnuninni og var svarhlutfallið því 46%. Spurningakönnunin samanstóð af alls 54 spurningaliðum, auk spurninga um lýðfræðilega þætti (Viðauki 2).

Hér á eftir verður gerð grein fyrir meginniðurstöðum spurningakönnunarinnar, en niðurstöður hennar í heild má finna í áðurnefndri skýrslu. Umfjölluninni er kaflaskipt eftir tíu þemum þar sem niðurstöður spurninga um tengd viðfangsefni eru tekin saman. Jafnframt er vísað í tíðnitöflur og greiningar í skýrslu Félagsvísindastofnunar. Fyrst eru teknar saman niðurstöður um viðhorf eins og þau birtast í úrtakinu sem heild, síðan gerð grein fyrir marktækum mun eftir lýðfræðilegum þáttum (kyni, aldri, menntun og stöðu á vinnumarkaði) og loks fjallað um marktækan mun eftir búsetu (þ.e. innbyrðis á milli skilgreindu álagssvæðanna þriggja og/eða milli þeirra og þátttakendahópsins sem var búsettur annars staðar innan landshlutans). Ef marktækur munur kom ekki fram er þess yfirleitt ekki sérstaklega getið. Hafa ber í huga að þar sem úrtak könnunarinnar var tvískipt, þá kunna gögn hennar ekki að endurspegla viðhorf í landshlutanum sem heild jafn vel og könnun sem gerð hefði verið með hefðbundnari hætti (t.d. landskönnunin 2017)[21], þar sem viðhorf þátttakenda á álagssvæðum vega þyngra en þau myndu gera í venjulegu úrtaki. Öflun viðbótargagna frá skilgreindu álagssvæðunum var hins vegar nauðsynleg til þess að geta gert samanburð á milli þeirra og annarra svæða innan landshlutans.

[19] Rögnvaldur Guðmundsson, tölvupóstur dags. 1. apríl 2018.
[20] Félagsvísindastofnun H.Í. (2018). *Könnun á viðhorfum til ferðamanna og ferðaþjónustu á Suðurlandi.*
[21] http://www.rmf.is/is/moya/research/index/samantektirsummaries/vidhorf-ibua-a-sudurlandi-til-ferdamanna-og-ferdathjonustu

4.1 Viðhorf til fjölda ferðamanna og samskipta við þá

Viðhorf íbúa til fjölda ferðamanna gefa ákveðna vísbendingu um mögulegt álag af völdum ferðaþjónustunnar, sem og mat íbúa á eðli samskipta við ferðamennina sem þeir umgangast. Um helmingur þátttakenda (50,2%) í úrtakinu sem heild taldi fjölda ferðamanna í þeirra heimabyggð vera of mikinn á sumrin (júní-ágúst), um 40% þátttakenda að um hæfilegan fjölda væri að ræða en um 10% þátttakenda töldu fjöldann vera of lítinn (s. 25). Hér kom fram marktækur munur milli viðhorfa kvenna og karla þar sem konur í hópi þátttakenda voru líklegri til að telja fjölda ferðamanna á sumrin vera of mikinn en karlar (s. 26). Þessi mynd breyttist talsvert þegar spurt var um fjölda ferðamanna á veturna (nóvember-mars): Um fjórðungur þátttakenda (24,6%) taldi fjöldann á því tímabili vera of mikinn, rúmlega helmingur (53,4%) taldi fjöldann hæfilegan en rúmur fimmtungur (22,0%) taldi fjöldann of lítinn (s. 27). Hér kom aftur fram marktækur munur á viðhorfum kvenna og karla og þá á sömu nótum og varðandi fjölda ferðamanna yfir sumarið (s. 28). Spurningunum um fjölda ferðamanna var fylgt eftir með því að kanna hvort þátttakendur væri sammála eða ósammála fullyrðingunni: *Mín heimabyggð getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður*. Niðurstöður urðu þær að 42,9% þátttakenda voru ósammála þessari fullyrðingu, 38,1% sammála henni en 19,3% hvorki sammála né ósammála (s. 51). Bakgrunnsgreiningin leiddi síðan í ljós að karlar voru líklegri til að vera ósammála þessari fullyrðingu en konur (s. 52). Að teknu tilliti til allra þessara spurninga má því álykta að konur á Suðurlandi finni fyrir meira álagi vegna fjölda ferðamanna en karlar.

Nr. töflu	Spurning	Of mikill	Hæfilegur	Of lítíll	Lýðfræðibreytur	Álagssvæði	Nr. töflu
6	Fjöldi ferðamanna á sumrin	50,2%	39,6%	10,2%	Kyn, aldur, menntun	[ekkert]	61
7	Fjöldi ferðamanna á veturna	24,6%	53,4%	22,0%	Kyn, menntun	Mýrdalshreppur	62
19	*Byggðin getur ekki tekið við fleirum**	38,1%	19,3%	42,7%	Kyn, aldur, menntun	Mýrdalshreppur	74
	*	***Sammála***	***Hvorki né***	***Ósammála***			

TAFLA 1: Yfirlit niðurstaðna um viðhorf til fjölda ferðamanna. Síðara töflunúmerið vísar til greiningar eftir álagssvæðum.

Viðhorf þátttakenda á álagssvæðunum þremur voru ekki marktækt frábrugðin svörum í landshlutanum í heild varðandi viðhorf til fjölda ferðamanna yfir sumarið (s. 135). Hvað fjölda ferðamanna að vetrarlagi snertir, þá kom fram marktækur munur á milli þátttakenda í Mýrdalshreppi og í Hornafirði, þar sem hinir fyrrnefndu voru líklegri til að telja fjöldann heldur of mikinn en hinir síðarnefndu. Íbúar á Hornafirði voru á hinn bóginn líklegri til að telja fjöldann hæfilegan en íbúar í Mýrdalshreppi (s. 136). Þessi útkoma kallast nokkuð á við niðurstöðu spurningarinnar um fullyrðinguna *Mín heimabyggð getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður* en þar kom fram marktækur munur á milli þátttakenda í Mýrdalshreppi og þátttakenda á öðrum svæðum innan landshlutans (þ.e. utan skligreindu álagssvæðanna þriggja). Þátttakendur í Mýrdalshreppi voru þannig líklegri til að vera mjög sammála þessari fullyrðingu en þátttakendur utan skilgreindra álagssvæða (s. 148). Á heildina litið má því draga þá ályktun að íbúar í Mýrdalshreppi finni fyrir einna mestu álagi vegna fjölda ferðamanna innan heimabygðarinnar. Þetta álag virðist jafnframt frekar mega rekja til vetrarferðaþjónustu (eða heilsársferðaþjónustu) en ferðaþjónustu að sumarlagi.

Í könnuninni voru einnig lagðar fram nokkrar spurningar um *samskipti við ferðamenn*. Um fjórðungur þátttakenda (24,8%) í landshlutanum sem heild sagðist aldrei eða næstum aldrei eiga í slíkum samskiptum og um þriðjungur (32,2%) sjaldnar en einu sinni í viku. Hlutfall þátttakenda sem sagðist eiga í samskiptum við ferðamenn einu sinni í viku eða oftar var samtals 42,9%, þar af sögðust 13,2%

þeirra eiga í daglegum samskiptum við ferðamenn (s. 29). Yngsti aldurshópur þátttakenda (18-29 ára) var marktækt líklegri til að eiga í daglegum samskiptum við ferðamenn en elsti aldurshópurinn (s. 30). Hér kom einnig fram munur eftir búsetu, þar sem þátttakendur í Mýrdalshreppi voru líklegri til að segjast eiga í daglegum samskiptum við ferðamenn en þátttakendur utan skilgreindra álagssvæða (s. 137).

Mikill meirihluti (86,3%) þeirra þátttakenda sem höfðu átt í samskiptum við ferðamenn töldu þau samskipti vera á jákvæðum nótum (s. 31). Meirihluti þátttakenda (64%) var einnig sammála fullyrðingunni *Mér finnst gaman að eiga samskipti við erlenda ferðamenn* (s. 34). Hér kom þó fram marktækur munur á milli karla og kvenna í þátttakendahópum; karlar voru líklegri til að vera sammála þessari fullyrðingu en konur (s. 34). Álíka stór meirihluti (61,4%) var sammála fullyrðingunni *Mér finnst auðvelt að eiga samskipti við ferðamenn frá framandi löndum* (s. 35). Hér kom fram marktækur munur eftir aldri (þátttakendur í yngri aldurshópunum tveimur líklegri til að vera sammála þessari fullyrðingu en þátttakendur í eldri aldurshópum) og menntun (þátttakendur sem lokið höfðu grunnnámi eða framhaldsnámi í háskóla líklegri til að svara játandi en þátttakendur sem höfðu hætt formlegu námi eftir grunnskóla, sjá s. 36). Loks voru þátttakendur beðnir að taka afstöðu til fullyrðingarinnar *Mér finnst Íslendingar vera gestrisin þjóð*. Meirihluti þeirra (68,4%) var sammála þessari fullyrðingu (s. 37).

Niðurstöður fyrstu spurningarinnar sem rædd var í málsgreininni hér að ofan sýna að tíðni daglegra samskipta við ferðamenn er hærri á álagsstöðunum þremur en á öðrum stöðum og allra hæst í Mýrdalshreppi (sjá nánar s. 137). Heilt yfir má þó segja að samskipti við erlenda ferðamenn séu mjög tíð á Suðurlandi og enn fremur að þau samskipti séu almennt séð á jákvæðum nótum. Í einu tilviki af fimm komu fram heldur neikvæðari viðhorf meðal kvenna en karla varðandi samskipti við ferðamenn.

4.2 Viðhorf til áhrifa á þróun atvinnulífs

Ferðaþjónustan á Íslandi er nú orðin stærsta útflutningsgrein landsins. Tekjur af erlendum ferðamönnum námu samtals 451 milljarði króna árið 2018.[22] Árið 2017 er talið að 31.700 manns hafi starfað í ferðaþjónustutengdum greinum á mesta álagstíma (þ.e. í ágústmánuði).[23] Suðurland er annað öflugasta ferðamannasvæðið á Íslandi og því kemur ekki á óvart að þátttakendur rannsóknarinnar telji vöxt greinarinnar hafa haft jákvæð áhrif á atvinnulífið í heimabyggðum þeirra. Mikill meirihluti þeirra (84,1%) taldi þannig að ferðaþjónustan hefði skapað aukin atvinnutækifæri í þeirra heimabyggð (s. 39). Meirihluti þátttakenda (71,3%) var einnig sammála því að ferðaþjónustan hafi skapað ný störf sem áður þekktust ekki í þeirra heimabyggð (s. 41). Hér kom þó fram marktækur munur á milli kvenna og karla þar sem karlar voru líklegri en konur til að vera mjög sammála fullyrðingunni um sköpun nýrra starfa (s. 42). Þá taldi tæplega helmingur (48,7%) þátttakenda að fólk flytti í auknum mæli í þeirra heimabyggð vegna möguleika á starfi við ferðaþjónustu (s. 43). Marktækur munur kom fram á viðhorfum kvenna og karla; karlar voru líklegri en konur til að vera frekar sammála þessari fullyrðingu (s. 44). Svör við fullyrðingunni *Ungu fólki í minni heimabyggð hefur fjölgað vegna ferðaþjónustunnar* voru mjög áþekk; á heldina litið voru 45,9% þátttakenda sammála þessari fullyrðingu en fleiri karlar voru þó sammála henni en konur (s. 45-46). Aðspurðir um möguleg ruðningsáhrif ferðaþjónustu, þ.e. að aðrar atvinnugreinar hefðu verri aðgang að mannafla en áður, þá voru fleiri þátttakendur (44,1%) ósammála þeirri fullyrðingu en sammála (29,5 %, sjá s. 47). Marktækur munur kom fram í svörum kvenna og karla þar sem konur voru líklegri en karlar til að vera frekar sammála þessari fullyrðingu (s. 48). Þegar horft er á ofangreindar niðurstöður í heild sinni, þá kom fram marktækur munur á viðhorfum kvenna og karla í þátttakendahópnum í fjórum spurningum af fimm. Í öllum þeim tilfellum má túlka niðurstöðurnar sem svo að konur sjái síður hagrænan eða samfélagslegan ávinning af ferðaþjónustu en karlar.

Nr. töflu	Spurning	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Lýðfræðibreytur	Álagssvæði	Nr. töflu
13	Aukin atvinnutækifæri í heimabyggð	84,1%	10,3%	5,6%	[engin]	[ekkert]	68
14	Ný störf sem ekki þekktust áður	71,3%	17,9%	10,7%	Kyn, menntun	Hornafjörður	69
15	Fólk flytur í auknum mæli í heimabyggð	48,7%	21,0%	30,2%	Kyn, aldur, menntun	Öll þrjú	70
16	Ungu fólki í heimabyggð hefur fjölgað	45,9%	28,3%	25,8%	Kyn, aldur, menntun	Öll þrjú	71
17	Aðrar atvinnugreinar missa starfsfólk	29,5%	26,4%	44,1%	Kyn, aldur	Öll þrjú	72

TAFLA 2: Yfirlit niðurstaðna um viðhorf til áhrifa á atvinnulíf.

Viðhorf þátttakenda á álagssvæðunum þremur voru ekki marktækt frábrugðin svörum annarra þátttakenda varðandi spurninguna um aukin atvinnutækifæri í heimabyggðum. Á hinn bóginn kom fram marktækur munur varðandi næstu spurningu, þ.e. um sköpun nýrra starfa sem ekki þekktust áður – þar voru þátttakendur á Hornafirði líklegri til að vera mjög sammála fullyrðingunni en þátttakendur utan skilgreindra álagssvæða (s. 143). Svæðisbundnar niðurstöður um fullyrðinguna *Fólk flytur í auknum mæli í mína heimabyggð vegna möguleika á starfi við ferðaþjónustu* voru nokkuð 'tvíbentar': þátttakendur í Mýrdalshreppi voru líklegri til að vera mjög sammála þeirri fullyrðingu en þátttakendur utan skilgreindra álagssvæða, en á hinn bóginn voru marktækt fleiri þátttakendur í Bláskógabyggð frekar ósammála henni en í Mýrdalshreppi. Þátttakendum á Hornafirði svipaði meira til þátttakenda í

[22] https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/category/1/ferdathjonusta-i-tolum-april-2019
[23] https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/ferdathjonusta-a-islandi-i-tolum-ny-utgafa

Mýrdalshreppi en í Bláskógabyggð að þessu leyti, því þeir voru líklegri til að vera frekar sammála fullyrðingunni en fólk búsett utan álagssvæðanna þriggja (s. 144).

Niðurstöður næstu spurningar, þ.e. um fjölgun ungs fólks, eru áþekkar – þátttakendur í Mýrdalshreppi og Hornafirði voru líklegri til að vera annaðhvort mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu í samanburði við þátttakendur utan skilgreindra álagssvæða. Aftur skar Bláskógabyggð sig nokkuð úr, en þátttakendur þar voru líklegri til að vera mjög ósammála fullyrðingunni en þátttakendur á Hornafirði (s. 145). Töluverður svæðisbundinn munur kemur einnig fram varðandi fullyrðinguna *Aðrar atvinnugreinar í minni heimabyggð gjalda þess að fólk ræður sig til starfa í ferðaþjónustu*. Þátttakendur í Mýrdalshreppi og á Hornafirði voru líklegri til að vera mjög eða frekar sammála henni en þátttakendur utan álagssvæða, en þátttakendur í Bláskógabyggð líklegri til að vera ósammála henni en þátttakendur á hinum álagssvæðunum tveimur (s. 146). Á heildina litið þá gefa þessar niðurstöður vísbendingar um að hagræn áhrif aukinnar ferðaþjónustu séu talsvert breytileg eftir byggðarlögum. Almennt séð virðast bæði jákvæð áhrif og neikvæð áhrif á atvinnulíf koma skýrar fram á Hornafirði og í Mýrdalshreppi en í Bláskógabyggð. Í Bláskógabyggð virðist ávinningurinn af ferðaþjónustu hafa verið minni en á hinum álagssvæðunum tveimur, en neikvæðu áhrifin (þ.e. ruðningsáhrifin) sömuleiðis ekki eins mikil.

4.3 Viðhorf til áhrifa á lífskjör

Í könnuninni voru þátttakendur einnig spurðir hvort þeir teldu ferðaþjónustuna hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á *almenn lífskjör* íbúa í þeirra heimabyggð. Mun fleiri töldu áhrifin á lífskjör vera jákvæð (62,9%) en neikvæð (6,0%), en tæpur þriðjungur (31,1%) taldi þau hvorki jákvæði né neikvæð (s. 67). Ekki kom fram munur á milli lýðfræðilegra hópa í þessu tilliti (s. 68) né á milli landssvæða (s. 156). Þá var í könnuninni spurt að því hvort þátttakendur eða einhver annar á heimili þeirra hefði *tekjur af ferðamönnum*. Í ljós kom að um þriðjungur þátttakenda/heimila í landshlutanum í heild hafði tekjur af ferðamönnum allt árið eða hluta úr ári (s. 133). Yngsti aldurshópur þátttakenda af öllu Suðurlandi var líklegri til að svara þessari spurningu játandi en elsti aldurshópurinn og einnig kom fram munur eftir stöðu á vinnumarkaði þar sem þátttakendur sem voru í námi eða sjálfstætt starfandi voru líklegastir til að svara spurningunni játandi (s. 134). Hér kom einnig fram munur eftir búsetu: Um helmingur þátttakenda á Hornafirði (51,6%) svaraði þessari spurningu játandi og litlu færri í Bláskógabyggð (47,4%) og Mýrdalshreppi (46,9%). Mun færri þátttakendur á stöðum utan skilgreindra álagssvæða (21,1%) sögðust hafa tekjur af ferðaþjónustu allt árið eða hluta úr ári (s. 189).

Ef horft er til úrtaksins frá öllu Suðurlandi þá sögðust 19,6% *starfa við ferðaþjónustu* (s. 129). Þegar þetta hlutfall er skoðað nánar m.t.t. búsetu kemur í ljós að það var í öllum tilvikum hærra á álagsstöðunum; hæst var hlutfallið í Bláskógabyggð (36,0%), næsthæst í Mýrdalshreppi (33,9%) en lægst á Hornafirði (27,8%). Mun færri (10,6%) störfuðu að meðaltali við ferðaþjónustu á stöðum utan skilgreindra álagssvæða (s. 187). Einnig kom fram marktækur munur m.t.t. til aldurs; yngsti aldurshópurinn meðal Sunnlendinga (18-29 ára) var þannig líklegastur til að segjast starfa í ferðaþjónustu (s. 130). Þátttakendur skiptust nokkurn veginn í tvo jafnstóra hópa með tilliti til spurningarinnar *Getur þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu*? Ríflega helmingur þeirra (52,8%) svaraði þessari spurningu játandi (s. 131). Hér kom fram marktækur munur eftir aldri (aldurshópurinn 30-45 ára líklegri til að svara játandi en elsti aldurshópurinn), menntun (þátttakendur sem höfðu lokið grunnnámi í háskóla líklegri til að svara játandi en þeir sem höfðu lokið framhaldsnámi í háskóla) og stöðu á vinnumarkaði (þátttakendur í námi líklegri til að svara játandi en þeir sem voru sjálfstætt starfandi, sjá s. 132). Einnig kom fram marktækur munur m.t.t. búsetu þar sem þátttakendur á Hornafirði voru líklegri til að svara spurningunni játandi en þátttakendur í Mýrdalshreppi (s. 188).

Á heildina litið fer því varla á milli mála að ferðaþjónustan er orðin mjög öflug atvinnugrein víða á Suðurlandi. Ef við gefum okkur að fjöldi starfa í ferðaþjónustu á álagssvæðunum þremur gefi vísbendingu um umfang ferðaþjónustunnar á þeim stöðum, þá virðist ljóst að umfangið á þessum svæðum er talsvert meira en almennt gerist og gengur í landshlutanum. Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að um það bil annað hvort heimili á álagssvæðunum fái tekjur af ferðaþjónustu a.m.k. hluta ársins. Áhrif aukinna umsvifa í ferðaþjónustu koma þó ekki að öllu leyti eins fram á öllum álagssvæðunum; ekki er hægt að skýra þennan mun út frá þessari könnun einni saman en hugsanlega kann hann að ráðast af staðbundnum aðstæðum í umræddum byggðarlögum.

4.4 Viðhorf til starfa í ferðaþjónustu og tekjudreifingar

Í tölfu 3 má sjá niðurstöður fjögurra spurninga sem annars vegar lutu að viðhorfum til starfa í ferðaþjónustu og hins vegar til þess hvernig ávinningur af tekjusköpun greinarinnar dreifist innan heimabyggðarinnar. Þátttakendur á Suðurlandi í heild skiptust í nánast jafnstóra hópa (36,2% og 36,5%) m.t.t. þess hvort þeir töldu stóran eða lítinn hluta tekna sem skapast af ferðaþjónustu verða eftir í þeirri heimabyggð (s. 59). Karlar í þátttakendahópnum voru marktækt líklegri til að telja frekar stóran hluta tekna sitja eftir en konur (s. 60). Meiri innbyrðis munur var á viðhorfum úrtaksins í heild til þess hvort margir eða fáir íbúar nytu efnahagslegs ávínnings af ferðaþjónustu; 46,3% þátttakenda töldu marga njóta ávinnings en 31,8% fáa (s. 57). Hér kom aftur fram munur á milli karla og kvenna, því karlar voru líklegri en konur til að telja marga njóta efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu. Fleiri þátttakendur töldu störf í ferðaþjónustu vera illa launuð (38,6%) en hið gagnstæða (14,7%) – ekki kom fram marktækur munur á milli lýðfræðilegra hópa eða landssvæða í þessu tilviki (s. 55-56; 150). Fleiri þátttakendur voru á hinn bóginn á því að störf í ferðaþjónustu væru fjölbreytt (45,9%) frekar en frábreytt (22,0%); hér kom enn og aftur fram marktækur munur á milli karla og kvenna þar sem karlar voru líklegri til að telja störfin fjölbreytt en konur líklegri til að telja þau vera einhæf (s. 53-54). Í þremur af fjórum þessara spurninga mælist því marktækur munur m.t.t. kyngervis, þar sem viðhorf kvenna eru í öllum tilvikum neikvæðari en viðhorf karla.

Nr. töflu	Spurning	[Jákvætt]	Hvorki né	[Neikvætt]	Lýðfræðibreytur	Álagssvæði	Nr. töflu
23	Stór eða lítill hluti tekna verður eftir	36,2%	27,3%	36,5%	Kyn, aldur	Hornafj., Blásk.	78
22	Margir eða fáir njóta ávinnings	46,3%	21,8%	31,8%	Kyn, aldur, staða	Mýrd., Hornafj.	77
21	Vel eða illa launuð störf	14,7%	46,8%	38,6%	[engin]	[ekkert]	76
20	Fjölbreytt eða einhæf störf	45,9%	32,2%	22,0%	Kyn, aldur	Hornafj., Mýrd.	75

TAFLA 3: Yfirlit niðurstaðna um viðhorf til starfa í ferðaþjónustu og tekjudreifingar.

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar m.t.t. búsetu kemur margvíslegur munur í ljós. Þátttakendur á Hornafirði eru þannig líklegri til að telja að frekar stór hluti tekna verði eftir í heimabyggð þeirri en þátttakendur utan skilgreindra álagssvæða, en þátttakendur í Bláskógabyggð líklegri til að telja frekar lítinn hluta tekna sitja eftir en þátttakendur á Hornafirði (s. 152). Þátttakendur bæði í Mýrdalshreppi og á Hornafirði voru líklegri til að telja mjög eða frekar marga íbúa í þeirra heimabyggð njóta efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu en þátttakendur utan skilgreindra álagssvæða (s. 151). Þátttakendur á Hornafirði voru líklegri til að telja að ferðaþjónustan skapaði fjölbreytt störf en þátttakendur í Mýrdalshreppi; hinir síðartöldu voru jafnframt líklegri til telja störf í ferðaþjónustu vera einhæf miðað við þátttakendur utan skilgreindra áhrifasvæða (s. 149). Á heildina litið má því álykta út frá niðurstöðum þessara spurninga að jákvæð viðhorf til áhrifa ferðaþjónustunnar á störf og tekjuskiptingu séu einna mest á Hornafirði.

4.5 Viðhorf til áhrifa á þjónustu og samfélag

Í könnuninni var töluverður fjöldi spurninga sem laut að viðhorfum þátttakenda til jákvæðra eða neikvæðra áhrifa ferðaþjónustu á ýmsa þætti í nærsamfélagi þeirra, m.a. þjónustu af ýmsum toga. Niðurstöður um þessar spurningar eru teknar saman í töflu 4. Það er sammerkt þeim flestum að hlutfallslega flestir þátttakendur telja áhrifin hvorki vera jákvæð né neikvæð á þá þætti sem spurt var um. Fyrstu tvær spurningarnar lúta að aðgengi að þjónustu og verslun. Fleiri þátttakendur í landshlutanum í heild telja að ferðaþjónustan hafi haft jákvæð áhrif (41,8%) á verslun en neikvæð (23,1%) og sömu sögu er að segja um áhrif á þjónustu, þótt munurinn þar sé ekki eins mikill (s. 71-74). Í báðum tilvikum eru karlar marktækt líklegri til að telja áhrifin jákvæð en konur. Næstu tvær spurningar lúta að frístundum fólks, þ.e. aðstöðu til útvistar annars vegar og framboð á viðburðum hins vegar. Fleiri þátttakendur töldu áhrif ferðaþjónustunnar vera jákvæð á þessa þætti fremur en neikvæð (s. 79-82). Yngsti aldurshópur þátttakenda (18-29 ára) var í báðum tilvikum líklegri en aðrir til að telja áhrifin vera jákvæð. Næst koma tvær spurningar um áhrif á samlíf íbúa í heimabyggðum. Fleiri svarendur töldu ferðaþjónustuna hafa haft jákvæð áhrif á samfélagsandann meðal íbúa, sem og tengsl þeirra við samfélagið, en hið gagnstæða (s. 83-87). Hér kom enn og aftur fram marktækur munur milli karla og kvenna, þar sem karlar voru í báðum tilvikum líklegri til að telja áhrifin jákvæð en konur.

Nr. töflu	Spurning	Jákvæð	Hvorki né	Neikvæð	Lýðfræðibreytur	Álagssvæði	Nr. töflu
29	Aðgengi að þjónustu	29,9%	53,1%	17,0%	Kyn, aldur, menntun	Mýrdalshreppur	85
30	Aðgengi að verslun	41,8%	35,1%	23,1%	Allar	Hornafjörður	84
33	Aðstaða til útivistar	31,7%	49,6%	18,7%	Aldur, menntun	Hornafjörður	88
34	Framboð á viðburðum	32,2%	60,6%	7,2%	Aldur	Blásskógab, Mýrd.	89
35	Samfélagsandi meðal íbúa	29,1%	59,4%	11,5%	Kyn, aldur, menntun	[ekkert]	90
36	Tengsl íbúa við samfélagið	27,9%	61,9%	10,2%	Kyn	[ekkert]	91
28	Verð fasteigna	36,9%	33,9%	29,3%	Aldur	Hornafj., Blásk.	83

TAFLA 4: Yfirlit niðurstaðna um áhrif ferðaþjónustu á ýmsa samfélagslega þætti.

Ef litið er til búsetu, þá voru þátttakendur í Mýrdalshreppi líklegri til að telja ferðaþjónustuna hafa haft jákvæð áhrif á aðgengi að þjónustu en þátttakendur á stöðum utan skilgreindra álagssvæða (s. 159). Þátttakendur á Hornafirði voru líklegri til að telja ferðaþjónustu hafa haft neikvæð áhrif á aðgengi að verslun en þátttakendur í Blásskógabyggð (s. 158). Hornfirskir þátttakendur voru á hinn bóginn líklegri en fólk búsett utan álagssvæða til að telja ferðaþjónustu hafa haft jákvæð áhrif á aðstöðu til útivistar eða frístundaiðkunar (s. 162). Hvað framboð á menningarviðburðum snertir, þá töldu hlutfallslega fleiri þátttakendur í Blásskógabyggð að áhrif ferðaþjónustu hefðu verið jákvæð, samanborið við þátttakendur utan skilgreindra álagssvæða (s. 163).

Síðasta spurningin í töflu 4 lýtur að áhrifum ferðaþjónustu á fasteignaverð. Hér má segja að skoðanir hafi verið talsvert skiptar því lítill munur var á hlutföllum þeirra þátttakenda í úrtakinu öllu sem töldu áhrifin vera jákvæð (36,9%) og þeirra sem töldu þau vera neikvæð (29,3%). Marktækur munur kom þó fram í viðhorfum aldurshópa, þannig var yngsti aldurshópurinn (18-29 ára) líklegastur til að telja þau frekar eða mjög neikvæð (s. 69-70). Í könnuninni voru þátttakendur einnig beðnir um að taka afstöðu til fullyrðingarinar *Ferðaþjónustan hefur takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í minni heimabyggð*. Rúmur helmingur þeirra (51,4%) var sammála þessari fullyrðingu en tæpur þriðjungur (31,1%) ósammála (s. 49). Hér kom aftur fram munur eftir aldri þar sem yngsti aldurshópur þátttakenda

var líklegastur til að vera sammála fullyrðingunni. Konur í hópi þátttakenda voru einnig líklegri til að vera sammála þessari fullyrðingu en karlar (s. 50). Ef litið er til búsetu, þá voru þátttakendur á Hornafirði líklegastir til að telja ferðaþjónustuna hafa haft jákvæð áhrif á fasteignaverð (s. 157). Þátttakendur í Mýrdalshreppi voru á hinn bóginn líklegastir til að telja að ferðaþjónustan hafi takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í heimabyggðinni (s. 147). Á heildina litið þá koma hér fram allmargar vísbendingar í viðbót um að konur líti áhrif af völdum ferðaþjónustunnar neikvæðari augum en karlar.

Nr. töflu	Spurning	Vel	Hvorki né	Illa	Lýðfræðibreytur	Álagssvæði	Nr. töflu
43	Álag á sveitarfélagið	44,3%	25,0%	30,7%	Kyn, aldur	Mýrd., Hornafj.	98
44	Álag á heilbrigðisþjónustu	25,8%	17,5%	56,9%	Kyn, aldur	Bláskb., Hornaf.	99
45	Álag á lögreglu	30,9%	18,0%	51,1%	Aldur, menntun	Hornafjörður	100
46	Álag á verslanir	60,9%	19,6%	18,5%	Kyn, menntun	Bláskb., Hornaf.	101
47	Álag á björgunarsveitir	60,3%	18,4%	21,3%	Kyn, aldur, menntun	Hornafjörður	102
48	Álag á land-/skálaverði	41,9%	28,9%	29,2%	Aldur, menntun	Hornafjörður	103

TAFLA 5: Yfirlit niðurstaðna um viðhorf til álags á þjónustuaðila.

Í könnuninni var einnig spurt um álag á ýmsa þjónustuaðila af völdum aukins fjölda ferðamanna. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 5. Hér voru skoðanir talsvert skiptar. Á heildina litið töldu fleiri þátttakendur að sveitarfélagið sitt, verslanir, björgunarsveitir og land- og skálaverðir réðu vel við álagið en hið gagnstæða. Á hinn bóginn töldu fleiri þátttakendur að heilbrigðisþjónustan og lögreglan réðu illa við álagið. Í fjórum spurninganliðum af sex kom fram marktækur munur á milli kvenna og karla þar sem konur voru líklegri til að telja viðkomandi aðila ráða illa við álag af völdum aukins fjölda ferðamann en karlar (s. 100-110). Ef litið er til búsetu, þá voru þátttakendur í Mýrdalshreppi líklegri til að telja sveitarfélagið ráða illa við álagið en þátttakendur utan skilgreindra álagssvæða (s. 172). Þátttakendur í Bláskógabyggð voru líklegri til að telja bæði heilbrigðisþjónustuna og land- og skálaverði ráða illa við álagið en þátttakendur á Hornafirði (s. 173). Þátttakendur í Bláskógabyggð og Mýrdalshreppi voru líklegri til að telja lögregluna ráða illa við álagið en þátttakendur á Hornafirði (s. 174). Þátttakendur á Hornafirði voru á hinn bóginn líklegri til að telja verslanir ráða illa við álagið en þátttakendur í Bláskógabyggð (s. 175). Hornfirskir þátttakendur voru líklegri til að telja björgunarsveitir ráða vel við álagið en svarendur utan skilgreindra álagssvæða (s. 176). Á heildina litið þá töldu þátttakendur á Hornafirði flesta þjónustuaðila í sinni heimabyggð ráða betur við álagið af völdum aukins fjölda ferðamanna en svarendur af öðrum álagssvæðum, en álagið á einstaka þjónustuaðila virðist jafnframt vera talsvert breytilegt eftir staðbundnum aðstæðum.

4.6 Viðhorf til áhrifa á samfélagsþátttöku og lífsvenjur

Í könnuninni var lögð fram spurning, í sex liðum, um mögulegar breytingar á félagslegri þátttöku svarenda eftir að ferðaþjónusta tók að eflast í heimabyggðum þeirra. Í öllum tilvikum sagðist meirihluta þátttakenda (þ.e. á bilinu 61-74%) verja jafnmiklum tíma og áður í félagsleg störf. Í fimm af sex tilvikum voru þó þeir sem sögðust verja minni tíma en áður nokkuð fleiri en þeir sem sögðust verja meiri tíma – undantekningin í þessum efnum var þátttaka í starfi björgunarsveita. Ekki kom fram marktækur munur eftir lýðfræðilegri hópaskipingu né búsetu nema hvað varðar þátttöku í samkomum og skemmtunum með öðrum íbúum sveitarfélagsins; konur voru líklegri en karlar til að segjast verja minni tíma í slíkt félagsstarf (s. 124). Á heildina litið er því ekki að sjá að þátttakendur telji uppgang ferðaþjónustunnar hafa haft afgerandi áhrif á félagslega þátttöku sína.

Nr. töflu	Spurning	Meiri	Jafnmiklum	Minni	Lýðfræðibreytur	Álagssvæði	Nr. töflu
51	Þátttaka - tómstundir/íþróttir	12,1%	66,4%	21,6%	[engin]	[ekkert]	106
52	Þátttaka - menning/listir	11,5%	71,7%	16,9%	[engin]	[ekkert]	107
53	Þátttaka - góðgerðarsamtök/trúfélög	11,1%	74,3%	14,5%	[engin]	[ekkert]	110
54	Þátttaka - björgunarsveitir	27,0%	61,3%	11,8%	[engin]	[ekkert]	109
55	Þátttaka - samkomur/skemmtanir	11,0%	71,1%	17,9%	Kyn, aldur	[ekkert]	108

TAFLA 6: Yfirlit niðurstaðna um viðhorf til áhrifa á félagsstörf.

Í könnuninni var einnig spurt hvort þátttakendur hefðu þurft að *breyta út af lífsvenjum* sínum vegna aukins fjölda ferðamanna, svo og hvort þeir væru *sáttir eða ósáttir* við að þurfa að gera slíkar breytingar. Fleiri voru ósammála (46,4%) því að hafa þurft að breyta lífsvenjum sínum en sammála (30,2%) en marktækur munur kom fram í svörum karla og kvenna, þar sem karlar voru líklegri til að vera ósammála þessari fullyrðingu en konur (s. 95-96). Hvað seinni spurninguna varðar, þá voru fleiri þátttakendur ósáttir (38,8%) við að þurfa að gera slíkar breytingar en sáttir (27,3%) en um þriðjungur (33,5%) var hvorki sáttur né ósáttur (s. 97). Hér kom aftur fram marktækur munur eftir kyni þar sem karlar voru líklegri til að vera sáttir við að þurfa gera breytingar á hefðbundnum lífsvenjum sínum en konur (s. 98). Ef litið er til búsetu, þá sögðust marktækt fleiri þátttakendur í Mýrdalshreppi hafa þurft að breyta lífsvenjum sínum en þátttakendur á stöðum utan álagssvæða (s. 170). Þátttakendur í Mýrdalshreppi voru þó sáttari við að þurfa að gera slíkar breytingar en þátttakendur á Hornafirði (s. 171). Á heildina litið er það einkum munurinn á viðhorfum karla og kvenna sem vekur athygli í þessum spurningum – neikvæð viðhorf til áhrifa ferðaþjónustunnar eru heldur meira áberandi meðal kvenna en karla.

4.7 Viðhorf til áhrifa á lífsgæði íbúa

Í könnuninni voru þrjár spurningar sem gefa vísbendingar um ánægju eða óánægu með áhrif ferðaþjónustunnar í heild sinni. Fyrsta spurningin hljóðar svo: *Hvort telur þú að ferðamenn og ferðaþjónusta í þínu samfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim?* Flestir þátttakenda (53,2%) töldu lífsgæði sín hvorki hafa aukist né minnkað, en mun fleiri (38,8%) töldu þó lífsgæðin hafa batnað en hið gagnstæða (8,1%). Hér kom fram talsvert áberandi munur á viðhorfum karla og kvenna, þar sem karlar voru líklegri en konur til að telja að lífsgæðin hefðu batnað (s. 89-90). Marktækur munur kom einnig fram í viðhorfum eftir aldri (yngsti aldurshópurinn líklegri til að telja lífsgæði sín hafa batnað) og eftir stöðu á vinnumarkaði (þeir sem voru sjálfstætt starfandi líklegri til að telja lífsgæðin hafa batnað). Ef litið er til búsetu, þá voru þátttakendur á Hornafirði líklegri til að telja að ferðaþjónustan hafi bætt lífsgæði í þeirra samfélagi en þátttakendur á stöðum utan skilgreindra álagssvæða (s. 167).

Þátttakendur voru einnig spurðir hvort þeir teldu ferðaþjónustuna hafa *aukið eða dregið úr bjartsýni* á framtíð samfélagsins í þeirra heimabyggð. Meirihluti þátttakenda (58,3%) taldi bjartsýni hafa aukist en mun færri (5,9%) að hún hefði minnkað, rúmur þriðjungur svarenda (35,7%) taldi bjartsýni hvorki hafa aukist né minnkað (s. 125). Marktækur munur kom fram í viðhorfum karla og kvenna – karlar voru mun líklegri til að telja bjartsýni hafa aukist en konur (s. 126). Einnig kom fram marktækur munur eftir aldri (yngsti aldurshópurinn líklegastur til að telja bjartsýni hafa minnkað) og eftir stöðu á vinnumarkaði (sjálfstætt starfandi líklegastir til að telja bjartsýni hafa aukist). Þá kom fram munur eftir búsetu þar sem þátttakendur á Hornafirði voru líklegri til að telja að bjartsýni á framtíð samfélagsins hafi aukist en fólk búsett utan álagssvæðanna (s. 185).

Þá voru þátttendur spurðir hvort þeir væru, á heildina litið, *ánægðir eða óánægðir með ferðaþjónustuna* í þeirra heimabyggð. Meirihluti svarenda (60,1%) var ánægður með ferðaþjónustuna og mun fleiri en þeir sem voru óánægðir (11,0%), en tæpur þriðjungur (29,0%) sagðist hvorki vera ánægður né óánægður (s. 127). Marktækur munur var á svörum karla og kvenna, þar sem karlar voru líklegri til að vera ánægðir með ferðaþjónustuna en konur (s. 128). Ef litið er til búsetu, þá voru þátttakendur á Hornafirði líklegri til að vera ánægðir með ferðaþjónustuna en þátttakendur á stöðum utan skilgreindra álagssvæða (s. 186).

Á heildina litið virðist ljóst að ánægja með ferðaþjónustuna og áhrif hennar á samfélögin er heldur minni meðal kvenna en karla í þátttakendahópnum í landshlutanum öllum. Á hinn bóginn kemur í ljós að ánægjan er meiri meðal þátttakenda á skilgreindu álagssvæðunum – einkum þá þeirra sem búa á Hornafirði – en þátttakenda sem búa utan þeirra.

4.8 Viðhorf til áhrifa á umferð

Mikill meirihluti þátttakenda (83,9%) í landshlutanum öllum taldi ferðaþjónustuna hafa haft neikvæð áhrif á umferðarþunga á vegum (s. 75) og litlu færri (76,0%) að áhrifin á umferðartafir hafi verið neikvæð (s. 76). Þá var meirihluti þátttakenda (70,2%) sammála fullyrðingunni *Ég er hræddari en áður við að keyra úti á þjóðvegum landsins vegna aukinnar umferðar ferðamanna* (s. 93). Álíka stór meirihluti (69,0%) var sammála fullyrðingunni *Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að marga ferðamenn er að finna* (s. 91). Í öllum tilvikum kom fram munur á viðhorfum kvenna og karla; konur voru þannig líklegri en karlar til þess að telja ferðaþjónustuna hafa haft neikvæð áhrif á umferðarþunga og umferðartafir (s. 76-78) og einnig til þess að vera sammála fullyrðingunum tveimur sem nefndar voru hér að ofan (s. 92- 94).

Nr. töflu	Spurning	Jákvæð	Hvorki né	Neikvæð	Lýðfræðibreytur	Álagssvæði	Nr. töflu
31	Umferðarþungi á vegum	4,3%	11,8%	83,9%	Kyn	[ekkert]	86
32	Umferðartafir á vegum	3,6%	20,4%	76,0%	Kyn	[ekkert]	87
40	*Hræddari en áður að keyra**	70,2%	14,3%	15,5%	Allar	[ekkert]	95
39	*Forðast ferðamannastaði**	69,0%	13,0%	18,0%	Kyn, aldur, menntun	Mýrd., Hornafj.	94
	*	***Sammála***	***Hvorki né***	***Ósammála***			

TAFLA 7: Yfirlit niðurstaðna um viðhorf til áhrifa á umferð.

Ekki kom fram marktækur munur m.t.t. búsetu varðandi viðhorf til áhrifa á umferðarþunga eða umferðartafir (s. 160-161). Hvað aukna hræðslu við akstur úti á þjóðvegum varðar, þá voru þátttakendur utan skilgreindra álagssvæða líklegri til að vera hvorki sammála né ósammála þeirri fullyrðingu en þátttakendur á Hornafirði (s. 169). Þátttakendur í Mýrdalshreppi voru líklegri til að vera ósammála því að þeir forðuðust vinsæla ferðamannastaði en þátttakendur utan skilgreindra álagssvæða (s. 168). Á heildina litið þá virðist það vera nokkuð samdóma álit þátttakenda á Suðurlandi öllu að ferðaþjónustan hafi haft neikvæð áhrif á ýmsar hliðar umferðarinnar á þjóðvegum; helst vekur athygli að konurnar í þátttakendahópnum telja neikvæðu áhrifin meiri en karlarnir.

4.9 Viðhorf til aðlögunar/móttöku erlends starfsfólks

Hraður vöxtur margra ferðaþjónustufyrirtækja á Suðurlandi s.l. áratug eða svo, sem og tilkoma heilsársferðaþjónustu víða í landshlutanum, hefur kallað á verulega aukningu í fjölda starfsmanna í ferðaþjónustu. Margir þessara starfsmanna eru aðfluttir, iðulega þá frá öðrum löndum. Í könnuninni voru þrjár spurningar sem lutu annars vegar að aðlögun erlends starfsfólks að samfélögum í heimabyggðum þátttakenda og hins vegar að því hversu vel eða illa íbúar og sveitarfélög hefðu tekið á móti erlendu starfsfólki ferðaþjónustunnar og fjölskyldum þess. Niðurstöður eru sýndar í töflu 8.

Nr. töflu	Spurning	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Lýðfræðibreytur	Álagssvæði	Nr. töflu
24	Erlent starfsfólk hefur aðlagast vel	37,1%	27,8%	35,2%	Kyn, aldur, menntun	Mýrd., Hornafj.	79
25	Íbúar hafa tekið vel á móti	66,8%	29,2%	4,0%	[engin]	[ekkert]	80
26	Sveitarfélagið hefur tekið vel á móti	61,3%	32,5%	6,2%	Kyn	[ekkert]	81

TAFLA 8: Yfirlit niðurstaðna um viðhorf til aðlögunar og móttöku erlends starfsfólks.

Þátttakendur í landshlutanum í heild skiptust nokkurn veginn í tvö horn varðandi viðhorf til aðlögunar erlendra starfsmanna að nærsamfélögum þeirra; 37,1% þeirra sögðust sammála því að erlenda starfsfólkið hefði aðlagast vel en 35,2% voru þessu ósammála (s. 61). Hér kom fram marktækur munur á milli karla og kvenna þar sem karlarnir í þátttakendahópnum vorum líklegri til að telja að erlenda starfsfólkið hafa aðlagast vel en konurnar (s. 62). Þá voru þátttakendur í yngsta aldurshópnum (18-29 ára) líklegri til að vera sammála þessari fullyrðingu en þátttakendur í elsta aldurshópnum. Karlarnir meðal þátttakenda voru einnig líklegri til að vera sammála því að sveitarfélagið þeirri hafi tekið vel á móti erlendu starfsfólki ferðaþjónustunnar en konurnar (s. 66). Marktækur munur m.t.t. búsetu kom enn fremur fram varðandi fyrstu fullyrðinguna, þ.e. *Erlent starfsfólk í ferðaþjónustu í minni heimabyggð hefur aðlagast samfélaginu vel*. Þátttakendur í Mýrdalshreppi og á Hornafirði voru þannig líklegri til þess að vera sammála þessari fullyrðingu en þátttakendur utan skilgreindra álagssvæða (s. 153).

Meirihluti þátttakenda var á hinn bóginn sammála því að bæði íbúar og sveitarfélagið þeirra hefði tekið vel á móti erlendu starfsfólki ferðaþjónustunnar og fjölskyldum þeirra. Marktækur munur kom fram varðandi seinni fullyrðinguna; karlarnir í þátttakendahópnum voru líklegri en konurnar til að vera sammála því að sveitarfélagið þeirra hefði tekið vel á móti erlenda starfsfólkinu (s. 66).

4.10 Viðhorf til framtíðarsýnar og ákvarðanatöku

Í kafla 4.5 hér að framan (Tafla 5) var greint frá viðhorfum þátttakenda til álags á sveitarfélagið þeirra vegna fjögunar erlendra ferðamanna. Í könnuninni voru tvær spurningar í viðbót sem lutu sérstaklega að sveitarfélögunum. Sú fyrri hljóðaði svona: *Telur þú að sveitarfélagið hafi skýra eða óskýra framtíðarsyn fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu?* Tæpur helmingur þátttakenda (45,9%) taldi framtíðarsýn síns sveitarfélags vera óskýra en tæpur þriðjungur (31,5%) taldi hana vera skýra; 22,5% töldu framtíðarsýnina hvorki skýra né óskýra (s. 111). Hér kom fram marktækur munur bæði eftir aldri og menntun; yngsti aldurshópur þátttakenda var þannig líklegri til að telja framtíðarsýnina óskýra en elsti aldurshópurinn og sömuleiðis þeir þátttakendur sem höfðu lokið háskólanámi í samanburði við þá sem höfðu lokið grunnskólanámi (s. 112). Ef litið er til búsetu, þá voru þátttakendur á Hornafirði marktækt líklegri til að telja framtíðarsýn síns sveitarfélags vera skýra en þátttakendur utan skilgreindra álagssvæða, en þátttakendur í Mýrdalshreppi voru á hinn bóginn líklegri til að telja framtíðarsýn síns sveitarfélags óskýra en þátttakendur á Hornafirði (s. 178).

Síðari spurningin hljóðaði svo: *Telur þú þig hafa mikla eða litla möguleika á að taka þátt í ákvörðunum um framtíð ferðaþjónustu í þinni heimabyggð?* Meirihluti þátttakenda (58,3%) í landshlutanum öllum taldi sig hafa litla möguleika á þátttöku í slíkri ákvarðanatöku, rétt um fjórðungur (24,9%) taldi sig hvorki hafa litla né mikla möguleika á slíku en færri (16,9%) að þeir hefðu mikla möguleika á þátttöku í ákvarðanatöku (s. 87). Hér kom fram marktækur munur bæði eftir kyni og aldri; konur voru líklegri en karlar til að telja sig hafa litla möguleika á þátttöku í ákvarðanatöku og yngsti aldurshópurinn var sömuleiðis líklegri til að telja sig hafa litla möguleika á slíku, í samanburði við aldurshópinn 30-45 ára (s. 88). Einnig kom fram marktækur munur m.t.t. til búsetu þar sem þátttakendur á Hornafirði voru líklegri en þátttakendur utan skilgreindra álagssvæða til að telja sig hafa mikla möguleika á þátttöku í ákvarðanatöku um framtíð ferðaþjónustunnar í sinni heimabyggð (s. 166).

Hér vekur einkum athygli að yngsti aldurshópur þátttakenda (18-29 ára) er bæði líklegur til að telja framtíðarsýn síns sveitarfélags vera óskýra og telja möguleika sína á þátttöku í ákvarðanatöku um framtíð ferðaþjónustunnar vera litla.

5. Rýnihóparnir

Niðurstöður úr spurningakönnuninni voru nýttar í þriðja og síðasta þrep rannsóknarinnar sem fólst í því að kalla saman lausnamiðaða rýnihópafundi með heimamönnum á skilgreindu álagssvæðunum þremur. Spurningaramminn fyrir rýnihópana var útbúinn út frá niðurstöðum megindlegu könnunarinnar um hvert einstakt álagssvæði (Viðauki 3). Þátttakendur voru valdir í samráði við heimamenn á hverju álagssvæðanna og þá miðað við sömu forsendur fyrir þátttöku. Miðað var við að fá 8-10 þátttakendur með jafnt kynjahlutfall, á breiðu aldursbili, sem bæði störfuðu í ferðaþjónustu og ekki í ferðaþjónustu, og voru búsettir í þéttbýli og utan þéttbýlis. Íbúar svæðanna þriggja sýndu verkefninu áhuga og auðvelt var að skipa í rýnihópana, þeir voru haldnir í lok árs 2018. Góð mæting var í alla hópana; á Hornafirði (fundastaður: Höfn) tóku 8 íbúar þátt, í Bláskógabyggð (fundarstaður: Laugarvatn) tóku 10 íbúar þátt, og í Mýrdalshreppi (fundarstaður: Vík) tóku 13 íbúar þátt.

Rýnihópafundunum var skipt upp í þrjá hluta. Í fyrsta hlutanum voru þátttakendum sýndar þær niðurstöður úr spurningakönnuninni sem rannsakendum þóttu mest afgerandi fyrir þeirra heimabyggð. Þátttakendur voru beðnir um að bregðast við þessum niðurstöðum, tilgreina hvort þær kæmu þeim á óvart eða ekki og nefna dæmi mati sínu til stuðnings. Umræður á meðal þátttakenda í rýnihópunum endurspegluðu niðurstöður spurningakönnunarinnar í langflestum tilfellum. Þátttakendur voru flestir sammála um niðurstöðurnar og gátu lagt fram nánari útskýringar á þeim.

Í öðrum hluta rannsóknarinnar voru lagðar fram spurningar sem vörðuðu niðurstöður sem rannsakendum þótti mikilvægt að afla nánari upplýsinga um með aðstoð rýnihópanna. Sömu spurningarnar voru lagðar fram til umræðu í öllum þremur rýnihópum. Þær vörðuðu meðal annars niðurstöður um áhrif aukinnar ferðaþjónustuumsvifa á ungt fólk, aðlögun starfsfólks af erlendum uppruna og mun á milli viðhorfa karla og kvenna til áhrifa ferðaþjónustunnar. Í þessum hluta urðu umræðurnar fjörugar og fjölbreytilegar, þar kom fram talsverður munur á viðhorfum á milli álagssvæða til einstakra umræðuefna.

Í þriðja og síðasta hluta rannsóknarinnar voru þátttakendur í rýnihópunum beðnir um að skilgreina þau þrjú málefni sem væri brýnast að lagfæra eða bregðast við varðandi þróun ferðamála í þeirra heimabyggð og síðan leggja fram tillögur um hvernig mætti helst takast á við þau málefni. Úrlausnarefnin voru að stærstum hluta þau sömu á öllum svæðum, en orsakir þeirra gátu þó verið mismunandi. Sem dæmi má nefna að allir rýnihóparnir voru sammála um það að brýnast væri að bregðast við aukinni umferð, en ástæður þessa vanda, svo og tillögur til úrbóta á honum, voru nokkuð breytilegar milli svæða. Þótt áherslan hafi verið á ‘vandamálin’ mátti merkja sterkan þráð jákvæðni og bjartsýni í öllum rýnihópum gagnvart ferðaþjónustunni. Allir þátttakendur voru þannig sammála um ágæti ferðaþjónustunnar og var tíðrætt um mikilvægi hennar fyrir atvinnulífið, efnahaginn og samfélagið sem væru í allt annari stöðu ef ferðaþjónustan hefði ekki komið til.

5.1 *Það eru allir í ferðaþjónustu hvort sem þeim líkar betur eða verr*

Þjónusta, vegir og húsnæði

Þátttakendur rýnihópsins í Bláskógabyggð voru almennt ánægðir með verslun og þjónustu í byggðarlaginu og töldu að þar hefði orðið mikil þjónustuaukning. Nú væri fjöldi veitingastaða í boði fyrir íbúa svæðisins sem opnir væru árið um kring. Matvöruverslunin væri einnig opin lengur og vöruúrval hafi aukist en þó höfðu þátttakendur orð á því að á mestu álagstímum þá hætti fólk við að versla vegna langs biðtíma. Þetta fannst þátttakendum ekki vera stórt vandamál en þeir tækju því fagnandi ef matvöruverslunin stækkaði.

> *Það er svo margt sem væri ekki hægt að hafa opið allt árið nema við hefðum alla þessa ferðamenn.*

Þátttakendum var tíðrætt um vegakerfið og samgöngumál. Mikil og þung umferð liggur í gegnum sveitarfélagið sem hefur haft í för með sér aukna hættu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Bændur verða fyrir miklum áhrifum af aukinni umferð ferðamanna að mati þátttakenda, þeir þurfi að smala búfénaði á annan hátt og á öðrum tíma en þeir eru vanir. Vetrarumferð kom einnig sérstaklega til tals, þátttakendur töldu vetrarumferð ferðamanna sérstaklega hættulega vegna óreyndra ökumanna sem hefðu ekki kunnáttu til þess að keyra við íslenskar aðstæður og sköpuðu þannig hættu á vegunum. Íbúar hafi því þurft að breyta aksturslagi sínu, vera varari um sig og ávallt undirbúnir undir óvæntar uppákomur á vegunum. Á móti kæmi að vegna aukins fjölda ferðamanna hafi tíðni mokstursþjónustu aukist til muna sem gerði samgöngur að vetri til mun betri og öruggari.

> *Ég var aldrei spurður að því hvort að þetta fólk mætti koma en samt liggur þjóðbrautin hérna í gegn.*

Heilbrigðisstofnanir og læknar í Bláskógabyggð eru undir auknu álagi að mati þátttakenda. Fjöldi lækna væri óbreyttur þrátt fyrir aukinn fjölda fólks sem þar dvelji. Ekki væri gert ráð fyrir erlendum gestum svæðisins í rekstrinum og því fái læknar litla hvíld. Þátttakendur töldu þetta ekki hafa komið að sök að svo komnu máli en höfðu áhyggjur af framtíðinni ef ástandið yrði óbreytt. Sama var upp á teningnum varðandi löggæslu, þátttakendum fannst lögregluþjónar vera of fáir fyrir svo stóran hóp af fólki. Oft á tíðum væru þeir einir í bíl sem þátttakendur töldu óöruggt og þar sem fáir lögregluþjónar væru á svæðinu, þá væri lögreglan ekki eins sýnileg og æskilegt væri. Þátttakendur töldu að aukinn sýnileiki lögreglunnar væri ein leiðin til þess að auka umferðaröryggi og varkárni ökumanna.

Húsnæðisskortur er vandamál í sveitarfélaginu öllu. Stór hluti húsnæðis hafi farið undir gistingu ferðamanna og húsnæði fyrir aðflutt starfsfólk ferðaþjónustunnar. Þátttakendur voru sammála um að í Bláskógabyggð þyrfti að vera til staðar leiguhúsnæði, því eins og staðan væri núna gæti fólk ekki komið og mátað sig við svæðið áður en það tæki ákvörðun um að setjast þar að - eina leiðin til þess að flytja á svæðið væri að festa kaup á fasteign.

Atvinnulíf og menntun

Þátttakendur voru allir sammála um það að ferðaþjónustan væri grunnstoð atvinnulífsins í Bláskógabyggð. Þar væru allir í ferðaþjónustu hvort sem þeim líkaði það betur eða verr. Störfin í ferðaþjónustu væru mörg og einnig mikill fjöldi afleiddra starfa. Umsvifin í Bláskógabyggð hafi aukist, störfum í þjónustu fjölgað og heilsársstörfin væru orðin fleiri. Tækifærin fyrir ungt fólk væru mörg, bæði til vinnu en einnig til þess að stofna sín eigin fyrirtæki í ferðaþjónustu og stuðningsnetið í

ferðaþjónustunni væri þétt. Þátttakendur voru sammála um mikilvægi þess að hafa ferðamálafulltrúa á svæðinu svo ekki væri langt að sækja stuðning og ráðgjöf fyrir ferðaþjónustuaðila. Þrátt fyrir almenna ánægju með atvinnulífið voru þátttakendur sammála um það að launin í ferðaþjónustu væru of lág og atvinnulífið væri jafnvel of einsleitt, það væru allir að vinna í sömu grein. Það þyrfti að skapa fleiri sérfræðistörf á svæðinu, jafnvel innan ferðaþjónustufyrirtækjanna, sem gæfi möguleika á að auka menntunarstig og laun á svæðinu. Fagmennska og viðhorf til ferðaþjónustustarfa komu töluvert til tals. Þátttakendur sögðu að ferðaþjónustustörf væru ekki metin að verðleikum, það þyrfti að skapa virðingu fyrir störfum ferðaþjónustunnar sem gæti þá aukið fagmennsku, gæði og launakjör og dregið úr starfsmannaveltu í ferðaþjónustunni. Í því sambandi væri mikilvægt að auka námsframboð í ferðaþjónustu og þá sérstaklega bjóða upp á nám á þeim sviðum sem eiga undir högg á að sækja, til dæmis varðandi ræstitækni, leiðsögumannanám og nám fyrir hótelstarfsmenn. Þátttakendur nefndu einnig að skólarnir ættu að taka virkan þátt í að kynna tækfæri í ferðaþjónustunni fyrir ungu fólki og var í því sambandi nefnd sú hugmynd að koma þyrfti ferðaþjónustunni að í starfsmessu Framhaldsskóla Suðurlands. Einnig ræddu þátttakendur um mikilvægi þess að lyfta umræðunni á jákvæðara plan, að ferðamenn væru hingað komnir til þess að vera og mikilvægt væri að horfa til framtíðar með það í huga.

Ferðaþjónustan er ekki bóla frekar en Internetið.

Fjölmenning og breytt samfélag

Samkvæmt þátttakendum rýnishópsins er stór hluti íbúa í Bláskógabyggð af erlendum uppruna. Flestir þeirra væru þar til þess að starfa tímabundið við ferðaþjónustu, samfélagið væri orðið tvískipt: Íbúar af erlendum uppruna og íbúar af íslenskum uppruna. Þessa tvískiptingu töldu þátttakendur að miklu leyti til komna vegna tungumálaerfiðleika, tungumálakennslan sem boðið væri upp á væri ef til vill ekki nægileg. En einnig skipti hér máli að íbúar sem hafi búið lengi í Bláskógabyggð væru orðnir vanir því að ákveðinn hluti íbúa séu bara þar í stuttan tíma og sjá því ekki tilgang í, eða þörf á, að kynnast hinum aðfluttu því þeir fari jafnóðum aftur burt. Þátttakendur töldu þó að íbúar þyrftu samt sem áður að vera vakandi fyrir þessum aðflutta hópi, því innan hans væru íbúar sem hefðu búið lengi á svæðinu en þekktu ekki hvaða þjónusta og félagsstörf væru í boði og væru því illa tengdir samfélaginu. Rætt var um að íbúar þyrftu að vera duglegri við að kynna félagsstörf sem í boði væru og reyna að blanda íbúum betur saman. Ef erlendir íbúar aðlöguðust samfélaginu betur yrði Bláskógabyggð mögulega aðlaðandi sveitarfélag fyrir þá til þess að setjast að. Jafnframt ræddu þátttakendur um mikilvægi þess að þekkja þennan hóp íbúa betur. Fjöldi fólks sem kæmi til Bláskógabyggðar til þess að starfa við ferðaþjónustu í stuttan tíma væri með góða menntun og fannst þátttakendum að þarna lægi auður sem væri alveg ónýttur.

Það var hjúkrunarfræðingur sem vann í gróðurhúsinu sem var að skúra hjá mér.

Lausnartillögur

Vegakerfið og umferðarþungi var ofarlega á lista þátttakenda yfir mál sem bregðast þyrfti við; um Bláskógabyggð keyri fjöldinn allur af fólki daglega og fyrir íbúa þar væri mikilvægt að öryggi þeirra væri tryggt og að þeir kæmust leiða sinna áfallalaust. Þátttakendur voru sammála um það að vegaxlir fyrir gangandi og hjólandi umferð væru nauðsynlegar og myndu bæta aðstæður til muna. Einnig fannst þátttakendum þurfa betri vegamerkingar og upplýsingaskilti svo ferðamenn gætu áttað sig betur á umhverfi sínu og aðstæðum á veginum, en það myndi svo aftur draga úr óútreiknanlegu aksturslagi þeirra. Í þessu sambandi nefndu þátttakendur einnig að fjölga þyrfti útskotum svo ferðamenn gætu stöðvað bíla sína og tekið myndir án þess að trufla umferðina. Sýnileiki lögreglunnar hefði einnig mikil áhrif á umferðaröryggi; ef fleiri lögreglubílar væru sýnilegir og eftirlit á vegum meira, þá myndu líkurnar minnka, til dæmis, á of hröðum akstri.

Húsnæðisvandi í Bláskógabyggð hefur áhrif á þróun samfélagsins að mati þátttakenda, þar vanti nú húsnæði í stað þess sem farið hafi undir starfsemi ferðaþjónustunnar, sérstaklega þá leiguhúsnæði. Rætt var um þann möguleika að sveitarfélagið ætti að byggja leiguhúsnæði til þess að koma til móts við íbúa sem hafi þó sjálfir verið duglegir að byggja. Ef sveitarfélagið væri með leiguhúsnæði á sínum vegum væri auðveldara fyrir aðflutt fólk að máta sig við aðstæður og þá síðar meir festa kaup á eigið húsnæði.

Fagmennska og menntun haldast hönd í hönd að mati þátttakenda; með því að bjóða upp á faglegt nám í ferðaþjónustu tengt veitinga-, gisti- og afþreyingargeiranum aukist virðing fyrir greininni og launin gætu hækkað í kjölfarið. Einnig voru umræður um mikilvægi góðs internet-sambands og að í sveitarfélaginu væri ljósleiðari. Tækifærin liggi á vefnum, til dæmis í hugbúnaðarlausnum fyrir ferðaþjónustuna.

Mikilvægi þess að erlendir íbúar í Bláskógabyggð aðlagist samfélaginu var mikið rætt, svo og leiðir til þess að ná árangri í því máli. Helsta hindrunin að mati þátttakenda væri tungumálið. Sú hugmynd kom fram að bjóða mætti upp á viðbót við þau íslenskunámskeið sem þegar væru til sem legði áherslu á talað mál, til dæmis tungumálakaffi þar sem erlendir íbúar og íslenskir íbúar kæmu saman og ræddu saman á íslensku. Einnig var nefnt að íbúar þyrftu að vera meðvitaðri um þennan hóp fólks og bjóða honum í félagsstörf og reyna að kynnast honum betur, með þessu móti gæti hluti þessa hóps ef til vill fengið áhuga á að búa lengur á svæðinu.

Við getum öll verið duglegri við að opna á samskiptin, þetta er ekkert flókið að kynnast fólki.

5.2 *Það eru þrisvar sinnum fleiri ferðamenn á svæðinu en heimamenn*

Umferð og þjónusta

Umferðarþungi og lélegt vegakerfi lá þungt á þátttakendum rýnihópsins í Mýrdalshreppi. Álag vegna umferðar í gegnum sveitarfélagið væri mikið og sögðust þátttakendur finna fyrir því allt árið um kring. Vetrarumferðin væri sérstaklega hættuleg vegna fjölda ökumanna sem óvanir væru akstri við íslenskar aðstæður og þess vegna þyrftu íbúar stöðugt að vera á varðbergi. Ferðamenn ættu það til að stöðva bíla sína fyrirvaralaust, íbúar þyrftu að aðlaga sig að þessum nýja veruleika en samkvæmt þátttakendum væri hægt að fara í ýmsar aðgerðir til þess að draga úr hættu og óvissu í umferðinni. Fjölga þyrfti útskotum og auka upplýsingagjöf við vegi, einnig var nefnt að útskot væru ekki mokuð yfir vetrartímann og að það skapaði mikla hættu. Sem dæmi var nefnt að reglulega stöðvi ferðamenn bíla sína með ljósin slökkt nálægt vegi – eða jafnvel á honum – á meðan þeir væru að skoða norðurljós. Þessu væri hægt að stýra betur ef nægileg mörg útskot og fullnægjandi merkingar væru til staðar; þannig mætti koma í veg fyrir hættulegar aðstæður.

> *Það er ný hætta að keyra í sveitinni, í gamla daga voru það kindurnar en núna er það Duster og Yaris.*

Mikið álag er á almannaþjónustu í Mýrdalshreppi að mati þátttakenda og margt sem kallar á úrbætur. Útköll björgunarsveita yfir vetrartímann væru mörg og álagið gæti orðið mikið. Margt væri hægt að gera til þess að draga úr útköllum; dæmi um slíkt væri upplýsingaskiltið um vegalengd að flugvélarflakinu á Sólheimasandi. Það væri vel heppnuð aðgerð að mati þátttakenda því útköllum björgunarsveitarinnar hafi fækkað verulega á því svæði, miðað við það sem áður var. Málefni heilbrigðisþjónustunnar og löggæslunnar voru einnig rædd en þátttakendum þótti fjöldi lækna, opnunartími heilsugæslu og apóteks og fjöldi sjúkrabíla ekki vera í samræmi við þann fjölda sem væri í raun og veru á svæðinu. Heilbrigðisþjónustan miðist við fjölda fastra íbúa en ekki þann raunfjölda fólks sem væri á svæðinu dags daglega. Sömu sögu höfðu þátttakendur að segja um löggæsluna; það væru of fáir lögreglumenn á svæðinu og aðeins einn í hverjum bíl. Þátttakendur tóku þó fram að með góðu og hæfu starfsfólki í þessum störfum hafi þetta 'reddast' fram að þessu en að svona gæti þetta ekki gengið til frambúðar.

> *Það liggur við að maður fái samviskubit að tala við lækninn því maður veit að hann er bara búinn á því.*

Þátttakendur voru sammála um það að mikil þjónustuaukning hafi átt sér stað í Vík en að ýmsu þyrfti þó enn að huga. Í bænum væri nú komin lífleg flóra veitingastaða og bara sem bæði heimamenn og ferðamenn nytu góðs af. Starfsfólk í þjónustustörfum væri þó oft á tíðum af erlendum uppruna og ættu einhverjir íbúar erfitt með að sækja þjónustu vegna tungumálaerfiðleika. Þátttakendur nefndu einnig að þeim þyki matvöruverslunin ekki vera fyrir íbúa svæðisins ef horft væri til vöruúrvals verslunarinnar – vöruúrvalið miðist við þarfir ferðamanna en ekki íbúa. En þrátt fyrir það væri verslunin til í þeirri mynd sem hún er vegna ferðamannanna og það væri fagnaðarefni. Huga mætti að meira jafnvægi í vöruframboði svo verslunin geti nýst íbúum svæðisins og ferðamönnum til jafns.

Húsnæði

Eftirspurn er mikil eftir húsnæði að sögn þátttakenda, stór hluti húsnæðis á svæðinu fór undir ferðaþjónustuna á sínum tíma. En á móti kæmi að vegna efldrar ferðaþjónustu og mikillar eftirspurnar eftir húsnæði hafi fasteignamat á svæðinu hækkað og verðmæti húseigna aukist fyrir íbúa. Ferðaþjónustuaðilar hefðu verið að byggja húsnæði fyrir starfsfólk sitt á svæðinu en það fylltist fljótt og færri kæmust að en vildu. Þátttakendur tóku fram að húsnæðisvandinn kæmi við marga þætti innan samfélagsins og setti takmörk fyrir áframhaldandi byggðaþróun en íbúar og sveitarfélagið væru samt sem áður að gera sitt besta til þess að vinna í húsnæðismálunum.

> *Ekki get ég búið hjá pabba og mömmu því þau búa hjá afa og ömmu.*

Atvinna

> *Eftir margra ára varnarbaráttu í atvinnumálum kom flóðið af túristum sem gerir það að verkum að allt í einu geta allir hér fengið vinnu.*

Að mati þátttakenda hefur atvinnulífið í Vík tekið stakkaskiptum vegna aukinna umsvifa ferðaþjónustunnar – þéttbýlið sem var við að leggjast niður búi nú yfir blómstrandi atvinnulífi og auknum íbúafjölda. Störfin sem áður voru í boði hefðu verið í „sjoppunni, búðinni eða búskap“. Nú væri umhverfið annað og fjöldi nýrra starfa hafi skapast í kringum ferðaþjónustuna og í afleiddum störfum og enn mikil tækifæri til staðar.

> *Þú velur bara hvað þig langar að gera og kemur því í framkvæmd.*

Þó væru ýmis atriði sem huga þyrfti að. Störfum í ferðaþjónustu fylgi oft mikið álag, vinnutíminn gæti verið óreglulegur, vinnan mikil og fólk ætti það til að brenna út – þar af leiðandi væri ör hreyfing á vinnumarkaðinum. Menntaðir kennarar og heilbrigðisstarfsfólk væri að færa sig yfir í ferðaþjónustuna en á móti kæmi að starfsfólk ferðaþjónustunnar væri að færa sig yfir á önnur svið vegna álags í vinnu. Starfsmannavelta væri há vegna eðlis starfanna og töluðu þátttakendur um að fyrirtæki gætu reynt að skapa fleiri stjórnunar- eða sérfræðistörf þar sem menntun og reynsla nýttist betur og þannig stefnt að því að ráða starfsfólk til lengri tíma. Þátttakendur töldu framtíð landbúnaðarins óvissa, margir bæir í sveitarfélaginu hefðu blandað búskap saman við ferðaþjónustu eða algerlega veðjað á ferðaþjónustuna og hætt öllum búskap. Í þessu samhengi þyrfti að huga að nýtingu ræktarlands og að þjónusta við svæðin í sveitunum væri fullnægjandi.

Breytt samfélag

Samfélagið í Mýrdalshreppi hefur tekið miklum breytingum að mati þátttakenda, sérstaklega hvað íbúasamsetningu varðar. Þátttakendur rifjuðu upp gamla tíma þegar allir þekktu alla en í dag væri það ekki raunin vegna mikillar aukningar í fjölda erlendra íbúa í tímabundnum störfum. Tungumálaerfiðleikar gætu verið fyrirstaða, leggja þyrfti meiri áherslu á íslenskukunnáttu erlendra starfsmanna. Jafnvel þótt starfsfólkið sækti íslenskunámskeið þá fengi það sjaldan tækifæri til þess að tala íslensku vegna aðstæðna. Í mörgum ferðaþjónustufyrirtækjum væri meirihluti starfsfólksins af erlendum uppruna og viðskiptavinir sem það væri að þjóna einnig erlendir; íslenska væri því lítið notuð í þeirra daglega lífi og hvatningin þar með lítil til þess að læra tungumálið. Hugmyndir komu fram um vettvang eða umræðutorg þar sem erlendir og íslenskir íbúar kæmu saman til þess að æfa sig í að tala

íslensku, en einnig að atvinnurekendur þyrftu að vera sveigjanlegri varðandi vinnutíma starfsfólks svo að það hefði tækifæri á að sækja þau íslenskunámskeið sem í boði væru. Þrátt fyrir tungumálaerfiðleikana voru þátttakendur sammála um það að erlendir íbúar væru að aðlagast samfélaginu vel. Á svæðinu væri meira líf en áður og félagslífið sterkara. Meira framboð væri af viðburðum og námskeiðum eins og AcroYoga og 'djammsessjónum' sem íslenskir og erlendir íbúar sæktu saman, slíkir viðburðir væru ekki í boði nema vegna þess fjölbreytileika meðal íbúa sem nú væri til staðar. Einnig ræddu þátttakendur um að Víkurbúar væru víðsýnni og samfélagið opnara en áður.

> *Það býður upp á skemmtileg augnablik að vera með mikið af útlendingum í kringum sig, um daginn var maður sem ég þekki að gefa hestunum og þá sat maður þar með selló og var að spila fyrir hestana.*

Lausnartillögur

Þátttakendur rýnihópsins ræddu ítarlega um vegamálin og voru sammála um að þar þyrfti að leggja verulega vinnu í úrbætur, til þess að skapa íbúum og gestum sveitarfélagsins tryggar og öruggar samgöngur. Viðhald þjóðvegarins væri of lítið miðað við álagið sem á honum væri og þar lægi aðalvandinn. Draga mætti úr vandanum með ýmsu móti, eins og að fjölga útskotum á þeim stöðum þar sem ferðamenn stoppa til þess að skoða umhverfið, og einnig þyrfti að viðhalda aðgengi að þeim allt árið um kring, til dæmis þyrfti að moka útskotin líkt og vegina. Bæta þyrfti upplýsingagjöf á vegum til muna til þess að draga úr óvissu og áhættustigi í umferðinni.

Skortur er á heilbrigðisstarfsfólki og lögreglumönnum í sveitarfélaginu að sögn þátttakenda, opnunartími væri of stuttur og fólksfjöldinn sem þjónustu þarf væri of mikill. Skilningsleysi stjórnvalda á aðstæðum í sveitarfélaginu var mikið rætt, það varðar mikilvæga þætti eins og vegakerfið, löggæslu og heilbrigðisþjónustu. Þátttakendur töluðu um að hið opinbera horfi á sveitarfélagið út frá íbúafjölda en því hugarfari þyrfti að breyta – skoða raunaðstæður og miða þjónustu og fjármagn við þær.

> *Það þarf bara að koma yfirvöldum í skilning um ástandið hérna, kannski við ættum bara að vera líkari Frökkum og mótmæla bara.*

Húsnæðisskortur á svæðinu hefur víðtæk áhrif að mati þátttakenda, erfitt væri að ráða fólk í mikilvæg störf eins og á leikskólanum og hjúkrunarheimilinu vegna skorts á húsnæði. Þátttakendur voru sammála um það að húsnæði þyrfti að byggjast hraðar upp á svæðinu en gerðu sér jafnframt grein fyrir því að vöxturinn væri hraður og það myndi taka tíma fyrir húsnæðismarkaðinn að ná jafnvægi. Þess vegna væri mikilvægt að íbúar, fyrirtæki og sveitarfélagið ynnu saman að því markmiði að auka framboð á íbúðarhúsnæði.

Þátttakendur ræddu um skipulagsmál í sveitarfélaginu og töldu að skýra þyrfti verkferla og reglur. Merkingar um aðstöðu í þéttbýlinu þyrftu að vera sýnilegri, til dæmis ætti að merkja betur hvar salerni væru og hvar og hvernig mætti tjalda eða leggja húsbílum. Þannig vissu ferðamenn betur að hverju þeir gengju og í framhaldinu myndi ágangur á land bænda og önnur svæði sem ekki væri æskilegt að gista á minnka. Þátttakendur töldu enn fremur nauðsynlegt að skapa umræðu um það hvernig íbúar sveitarfélagsins vilji að ferðaþjónusta byggist upp í framtíðinni og hvernig þjónustu þeir vilji hafa innan svæðisins.

5.3 *Hornfirðingar snúast í kringum ferðamanninn*

Almennt voru þátttakendur rýnihópsins á Hornafirði sammála um að ferðaþjónustan væri mikilvæg fyrir sveitarfélagið allt og að lítið væri um neikvæðar raddir í samfélaginu gagnvart ferðaþjónustunni. En þó mátti merkja ákveðin varnaðarorð í umræðunni:

> *Í mínum huga er massatúrismi partur af álversvæðingu samfélaga og þar þurfum við að passa okkur.*

Vegakerfi og þjónusta

Þátttakendur voru allir sammála því að matvöruverslunin á Höfn væri komin að 'þolmörkum', þar væri of mikið álag á starfsmönnum og biðtími í versluninni væri töluvert lengri vegna aukins fjölda ferðamanna sem geri matarinnkaup sín í versluninni. Verslunin væri orðin of lítil til þess að þjónusta þann fjölda sem þangað sæki. Þátttakendur ræddu einnig að þrátt fyrir það að aukin umsvif ferðaþjónustu hefði haft mikil og jákvæð áhrif á sveitirnar í Hornafirði, einkum með auknum íbúafjölda samfara fleiri atvinnumöguleikum, þá væri margt ábótavant varðandi innviðina þar, eins og aðgengi að grunnskóla og leikskóla. Stærsta vandamálið sem snýr að innviðum innan svæðisins hverfist þó um umferðina, vegakerfið og samgöngur, að mati þátttakenda. Sveitarfélagið væri stórt og vegalengdir innan þess þar af leiðandi langar, umferð hafi aukist á vegunum en vegakerfið sjálft lítið breyst þrátt fyrir aukið álag. Af þeim sökum hafi ferðatíminn á milli staða innan svæðisins, svo og milli þess og höfuðborgarinnar, lengst. Þá stoppi fleiri ferðamenn á vinsælum 'listaverkastöðum' til þess að taka ljósmyndir og auki þannig hættu í umferðinni. Samhliða þessu töluðu þátttakendur um hættuna sem fylgi einbreiðum brúm.

> *Maður skilur þetta samt alveg, við eigum fallegt svæði og fólk er að stoppa á furðulegustu stöðum, en hvað á það að gera, sleppa því að taka myndir?*

Atvinnulíf

Atvinnulífið blómstrar á Hornafirði að mati þátttakenda, tækifærin væru mörg og margir hefðu nýtt sér þau til þess að koma á fót eiginn rekstri, einkum í afþreyingarferðaþjónustu. Þar væri ungt fólk sérstaklega að sækja í sig veðrið og nýta sér ný tækifæri sem fælust í ferðaþjónustunni. En þrátt fyrir mikla uppbyggingu í ferðaþjónustu þá fannst þátttakendum þarft að huga að margvíslegum málum. Á Hornafirði væru mörg ferðaþjónustustustarfanna láglaunastörf, starfsmannavelta fyrirtækja í ferðaþjónustu væri mjög mikil og nauðsynlegt væri að hækka menntunarstigið í ferðaþjónustustörfum. Ferðaþjónustufyrirtæki í sveitunum ættu sérstaklega erfitt með að manna stöður og þyrftu því í auknum mæli að leita erlendis eftir starfsfólki. Erlent starfsfólk innan ferðaþjónustunnar stoppaði stutt við og skildi lítið eftir sig í menningarlegu tilliti, þ.e. tæki lítinn eða jafnvel engan þátt í samfélaginu. Þá fannst þátttakendum nauðsynlegt að huga að því að atvinnulífið yrði ekki of einsleitt á svæðinu, þar þyrftu að vera til störf fyrir menntað fólk bæði í ferðaþjónustu og í öðrum greinum. Einnig var rætt um að hlúa þyrfti að verslunum í heimabyggð og að íbúar þyrftu að huga vel að því hvers konar þjónustu samfélagið vildi hafa á svæðinu. Ýmis þjónusta væri að leggjast niður, eins og bakarí og fataverslun. Íbúar þyrftu að íhuga hvers konar atvinnulíf samfélagið vildi hafa og með stuðningi sveitarfélagsins þyrfti að hlúa að og styðja við það sem þegar væri til staðar. Atgervisflótti úr öðrum greinum kom til tals og voru þátttakendur sammála um að aðrar atvinnugreinar væru að missa frá sér faglært fólk til

ferðaþjónustunnar en það hefði aftur slæm áhrif á, til dæmis, grunn- og leikskólana. Að sama skapi virtist ríkja skilningur á að tækifærin og tekjumöguleikarnir væru fleiri í ferðaþjónustunni en í ýmsum öðrum atvinnugreinum og að það væri einnig jákvætt að fólk hefði val um að nýta sér slík tækifæri.

> *Þetta er kannski bara jákvætt, fólk hefur þetta frelsi að gera þetta, spurning er þetta flótti eða er þetta frelsi?*

Menntun

Menntamál á Hornafirði voru töluvert rædd innan rýnihópsins. Fram komu áhyggjur um framtíð grunnskólanna í sveitarfélaginu vegna fækkunar barna á skólaaldri, en samkvæmt einum þátttakenda hefur börnum fækkað um 100 í grunnskólum innan svæðisins á síðastliðnum 10 árum. Rót þessa vanda væri samsetning íbúa; það vanti barnafólk á svæðið sem sjái hag sinn í því að skapa sér heimili á Hornafirði. Fjölgun á menntuðu fólki var einnig rædd og að það væri mikilvægt upp á flóru atvinnulífsins að gera, launakjör og almenn lífsgæði íbúa, að á Hornafirði væri hægt að stunda fjölbreytt störf sem svari þörfum allra. Auknir menntunarmöguleikar voru einnig nefndir, að á Hornafirði væri margt hægt að gera til þess að styðja við fjölbreytta menntun sem snýr að ferðaþjónustu svo sem kokkanám og leiðsögumannanám, en að einnig væri nú þegar til sterk námsleið hjá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu sem bjóði upp á nám í fjallamennsku.

> *Skólarnir í sveitunum eru í dauðateygjum.*

Breytt samfélag og félagslíf

Tengsl félagslífs á Hornafirði við ferðaþjónustuna komu glögglega fram í umræðum innan rýnihópsins. Vegna aukins fjölda erlendra starfsmannna og fækkunar heimamanna hafi þátttaka í félagslífi minnkað. Það væri erfiðara að halda úti hvers kyns félagsstarfi eða halda viðburði vegna dræmrar þátttöku íbúa. Helsta ástæðan fyrir þessu væri breytt íbúasamsetning, íbúar væru að eldast og ekki nægilega mikið af ungu fólki að flytja inn á svæðið. Þá væri mikið af erlendum starfsmönnum á Hornafirði sem ekki hefðu aðlagast samfélaginu vel, bæði vegna tungumálaerfiðleika og einnig vegna starfsaðstæðna; erlenda starfsfólk ferðaþjónustunnar væri í tímabundnum störfum á Hornafirði og í tímabundnu húsnæði og væri þess vegna ekki að leggja það á sig að verða hluti af samfélaginu. Möguleikar á afþreyingu komu til tals og í því sambandi rætt um fleiri útivistarmöguleika og aukinn fjölda veitingastaða, en á móti nefnt að afþreyingarmöguleikar aðrir en útivistiariðkun væru af skornum skammti, eins og í menningartengdri afþreyingu og félagslífinu almennt. Samfélagsgerðin og viðhorf íbúa voru einnig mikið rædd, hvernig samfélagið og íbúar gætu gert Hornafjörð að ákjósanlegum stað til að búa á. Hugsa ætti um uppbyggingu út frá samfélaginu, hvernig ferðaþjónustan gæti haldið áfram að byggjast upp en þá út frá samfélagslegum sjónarmiðum fremur en hagrænum sjónarmiðum. Að ferðaþjónustan falli að samfélaginu og sé tengd menningunni og fólkinu sem þar býr. Íbúar þyrftu að taka þátt í samfélaginu til þess að áfangastaðurinn Hornafjörður verði áfram ákjósanlegur kostur ferðamanna en um leið að þar sé ákjósanlegt að búa.

> *Það er eitthvað hér bæði í ferðaþjónustunni og fleiru sem að gerir okkar samfélag mun lífvænlegra heldur en mörg önnur samfélög í sambærilegri stærð í svipaðri aðstöðu, sem er alveg stórkostlegt og ég held við eigum fullt af tækifærum og höfum spilað mikið úr þeim líka.*

> *Við þurfum svolítið að hafa svolítið gaman af því að vera í þessu samfélagi.*

Lausnartillögur

Umferðin var það málefni sem hvíldi þyngst á þátttakendum rýnihópsins og komu margar tillögur fram um hvernig mætti takast á við aukna umferð og álagið sem henni fylgdi. Þátttakendur voru allir sammála um að það sem helst þyrfti að gera til að auka öryggi og minnka áhyggjur Hornfirðinga og annarra á vegum innan sýslunnar væri að fjölga áningarstöðum verulega og auka upplýsingaflæði við þjóðveginn. Þannig gætu ferðamenn frekar vitað hvar þeir mættu stöðva bílana sína án þess að tefja umferð eða skapa hættu. Einnig voru þátttakendur sammála um að fara þyrfti í endurbætur á vegakerfinu, einkum þá til þess að fækka – og helst útrýma – einbreiðum brúm og einnig um nauðsyn þess að breikka hringveginn.

Stuðningur og utanumhald frá sveitarfélaginu kom oft til tals innan rýnihópsins. Nefnt var að sveitarfélagið þyrfti að styðja betur við fjölgun ungs fólks innan svæðisins með því að styðja við þróun atvinnutækifæra í ferðaþjónustu sem og í öðrum greinum. Sveitarfélagið ætti einnig að vera með betri eftirfylgni og þjónustu við ferðaþjónustufyrirtækin, bæði í formi stuðnings og með uppbyggingu almennra innviða eins og salernisaðstöðu og aðgengi fyrir hópferðabíla.

Hlutfall erlendra íbúa á Hornafirði hefur aukist mikið síðastliðin ár og gera þyrfti betur í þeim málum með því efla tengsl íbúa af erlendum uppruna við samfélagið og virkja þá til þátttöku í því. Til þess þyrfti að bæta íslenskukunnáttuna og þar með kennsluna sem til boða standi. Þátttakendur höfðu orð á því að með nýju starfi verkefnastjóra fjölmenningar á vegum sveitarfélagsins væru þessi málefni að þokast í rétta átt. Einnig komu húsnæðismál erlends starfsfólk ferðaþjónustunnar til tals og bent á að í ferðaþjónustunni væri erlenda starfsfólkið ekki fjölskyldufólk vegna þess að húsnæði fyrir það væri ekki fyrir hendi og þess vegna settist þetta fólk ekki að innan svæðisins.

Hvernig á Hornafjörður að vera ákjósanlegt samfélag? Þessari spurningu var varpað fram af þátttakendum sjálfum, miklar vangaveltur voru um það hvaða eiginleikar samfélagið og íbúar þess þyrftu að búa yfir til þess að á Hornafirði þrífist blómstrandi samfélag með ánægða íbúa og fjölbreytt atvinnulíf. Þátttakendur voru sammála um það að þátttaka íbúa í samfélaginu væri gríðarlega mikilvæg í félags-, menningar- og atvinnulífinu. Til þess að ná þessu fram þyrfti ef til vill hugarfarsbreytingu í samfélaginu; sú tillaga kom fram að hægt væri að stýra samfélaginu í átt að 'slow' hugmyndafræðinni. Í því samhengi ræddu þátttakendur töluvert um Djúpavog sem fyrirmynd, einkum þá *Citta Slow* verkefnið sem þar væri í gangi, og veltu fyrir sér hvort sú hugmyndafræði væri eitthvað sem Hornfirðingar gætu tileinkað sér.

> *Við erum mikið að fara, ekki mikið að vera.*

6. Samantekt

6.1 Yfirlit um rannsóknaniðurstöður

Eigindlegu viðtölin í fyrsta hluta rannsóknarinnar leiddu í ljós að ferðamenn og ferðaþjónusta á Suðurlandi voru talin hafa mjög margbreytileg áhrif. Sum þessara áhrifa komu fram í nánast öllum viðtölum (almenna sviðið), önnur vörðuðu fyrst og fremst byggðarlagið þar sem viðmælandinn var búsettur (staðbundna sviðið) og enn önnur lutu að persónulegum högum viðmælenda eða viðhorfum sem telja mátti einstaklingsbundnar (persónulega sviðið). Áhrifin sem þátttakendur nefndu voru sum talin neikvæð en önnur jákvæð; af viðtölunum var því jafnframt ljóst að áhrif af völdum ferðamanna og ferðaþjónustu voru alls ekki einhlít.

Megindlegu spurningakönnuninni í öðrum hluta rannsóknarinnar var ætlað að kanna nánar hvaða áhrif, af þeim fjölmörgu sem nefnd voru í viðtölunum, skiptu allra mestu máli fyrir íbúa á Suðurlandi, bæði í landshlutanum í heild og á skilgreindu álagssvæðunum þremur. Í ljós kom að jákvæðu áhrifin voru helst talin tengjast eflingu atvinnulífs, sköpun nýrra starfa, fjölgun íbúa og bættum lífskjörum fólks, en einnig kom fram að lífsgæði íbúa hefðu almennt séð batnað og að bjartsýni á framtíð byggðarlaga aukist. Þá kom fram að þátttakendur voru flestir ánægðir með ferðaþjónustuna í sinni heimabyggð og að samskipti þeirra við erlenda ferðamenn væru almennt á jákvæðum nótum. Í könnuninni var einnig reynt að meta samfélagslegar breytingar, m.a. varðandi þátttöku fólks í félagsstarfi. Niðurstöðurnar könnunarinnar benda ekki til neinna afgerandi breytinga á félagsstarfi, þó svo að nokkuð fleiri teldu sig verja minni tíma í flest félagsstörf en áður. Áhrif á aðstöðu til útivistar og framboðs á viðburðum og skemmtunum voru á heildina litið frekar talin jákvæð en neikvæð. Nokkuð stór hluti þátttakanda sagðist hafa þurft að breyta út af hefðbundnum lífsvenjum sínum vegna aukins fjölda ferðamanna, en þeir voru þó talsvert fleiri sem sögðust ekki hafa þurft að gera slíkt. Þeir sem töldu áhrif ferðaþjónustunnar á aðgengi að verslunum hafa verið jákvæð voru fleiri en þeir sem töldu þau áhrif vera neikvæð.

Neikvæð áhrif af völdum aukins fjölda ferðamanna birtust einkum í meiri og hættulegri umferð á þjóðvegum og í auknu álagi á ýmsa grunnþjónustu, einkum þá heilbriðisþjónustu og löggæslu. Þá voru flestir þátttakendur á þeirri skoðun að fjöldi ferðamanna væri of mikill í þeirra heimabyggðum á sumrin. Talsvert skiptar skoðanir komu fram um ýmsa áhrifaþætti sem kannaðir voru. Þátttakendur skiptust þannig í þrjá nokkurn veginn jafnstóra hópa varðandi viðhorf til jákvæðra eða neikvæðra áhrifa á verð fasteigna, en fleiri þátttakendur voru þó sammála því að ferðaþjónustan hefði takmarkað möguleika þeirra á að eignast húsnæði í þeirra heimabyggð. Skoðanir voru einnig mjög skiptar um það hversu stór hluti af tekjum ferðaþjónustunnar yrði eftir í heimabyggðinni; þeir sem töldu mikinn hluta tekna verða eftir voru nánast jafnmargir og þeir sem töldu lítinn hluta tekna verða eftir. Heldur fleiri þátttakendur voru þó á því að margir íbúar njóti ávinnings af ferðaþjónustunni í heimabyggðinni frekar en fáir. Þá voru á heildina litið fleiri þátttakendur ósammála því að aðrar atvinnugreinar gjaldi þess að fólk ráði sig til starfa í ferðaþjónustu – þ.e. að ferðaþjónustan hafi ruðningsáhrif á aðrar atvinnugreinar. Skoðanir voru enn fremur skiptar um hversu vel eða illa erlent starfsfólk í ferðaþjónustu hefði aðlagast samfélögum heimamanna.

Í könnuninni voru þrjár spurningar sem vörðuðu sveitarfélög þátttakenda. Fleiri þátttakendur töldu sveitarfélagið sitt ráða vel við álagið af völdum aukins fjölda ferðamanna en illa. Á hinn bóginn töldu fleiri þátttakendur að sveitarfélagið þeirra hefði óskýra framtíðarsýn fyrir ferðaþjónustuna en hið gagnstæða. Þá taldi meirihluti þátttakenda sig hafa litla möguleika á að taka þátt í ákvörðunum um framtíð ferðaþjónustunnar í sinni heimabyggð.

Þegar gögn könnunar voru greind nánar m.t.t. lýðfræðilegra þátta kom fram marktækur munur á milli undirhópa í um 80% tilvika. Marktækur munur koma oftast fram m.t.t. aldurs (37 tilvik) og kyngervis (31 tilvik), en sjaldnast eftir stöðu á vinnumarkaði (7 tilvik). Ekki kom fram skýrt mynstur í svörum ólíkra aldurshópa, en munurinn á svörum karla og kvenna var ávallt á þann veg að konurnar í þátttakendahópnum töldu áhrif ferðaþjónustunnar vera neikvæðari (eða ekki eins jákvæð) og karlarnir. Þessi síðartalda niðurstaða verður að teljast mjög afgerandi og gefur vísbendingu um að konur hafi ekki notið sama ávinnings og karlar af eflingu ferðaþjónustunnar og/eða verði meira varar við aukið álag eða breytingar af hennar völdum. Hvað breytileika í viðhorfum eftir aldri varðar, þá kom oftast fram marktækur munur á milli yngsta aldurshópsins (18-29 ára) og annarra aldurshópa. Viðhorf yngsta aldurhópsins væri einnig vert að skoða nánar, m.a. þar sem stór hluti hans starfar við ferðaþjónustu.

Munur á viðhorfum þátttakenda eftir búsetu kom fram í um 65% tilvika. Ýmsir þættir einkenndu álagssvæðin þrjú í samanburði við önnur svæði innan landshlutans; samskipti við ferðamenn voru tíðari, hærra hlutfall íbúa starfandi í ferðaþjónustu og hærra hlutfall heimila sem hafði tekjur af ferðaþjónustu a.m.k. hluta ársins. Þessar niðurstöður benda allar til þess umfang ferðaþjónustunnar sé talsvert meiri á þessum svæðum en í landshlutanum sem heild. Hér ber þó að sjálfsögðu að hafa í huga að fleiri ámóta álagssvæði fyrirfinnast á Suðurlandi, en aðeins var hægt að velja þrjú byggðarlög til skoðunar, eitt á hverju undirsvæða landshlutans. Niðurstöður könnunarinnar sýna ekki skýrt mynstur varðandi mun á viðhorfum íbúa á álagssvæðum og íbúa annars staðar í landshlutanum, því viðhorf íbúa á álagsvæðum gátu ýmist verið jákvæðari eða neikvæðari en annarra þátttakenda til þess áhrifaþáttar sem spurt var um hverju sinni. Þannig kom fram töluverður munur bæði innbyrðis á milli skilgreindra álagssvæðanna og milli eins eða fleiri þeirra og þátttakenda frá öðrum svæðum.

Á heildina litið voru viðhorf hornfirskra þátttakenda oftast jákvæðari en annarra svarenda til þeirra þátta sem spurt var um. Helsta undantekningin í þeim efnum voru viðhorf til áhrifa ferðaþjónustunnar á verslun, en þau voru neikvæðari meðal Hornfirðinga en annarra þátttakenda. Þátttakendur í Mýrdalshreppi voru líklegri til að telja fjölda ferðamanna of mikinn að vetrarlagi og einnig til þess að telja heimabyggð þeirra ekki geta tekið við fleiri ferðamönnum. Þá voru þeir líklegri til að telja störf í ferðaþjónustu einhæf frekar en fjölbreytt og að ferðaþjónustan hafi takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í sinni heimabyggð. Þátttakendur í Bláskógabyggð voru líklegri til að vera ósammála því að fólk flytti í auknum mæli í þeirra heimabyggð vegna starfa í ferðaþjónustu og einnig því að ungu fólki í heimabyggðinni hefði fjölgað vegna slíkra starfa. Þá voru þeir líklegri til að telja að lítill hluti tekna vegna ferðaþjónustu verði eftir í þeirra heimabyggð. Þátttakendur í Bláskógabyggð og Mýrdalshreppi voru líklegri til að telja lögreglu ráða illa við álag af völdum ferðamanna en þátttakendur á Hornafirði og þátttakendur í Bláskógabyggð voru einnig líklegri til að telja heilbrigðisþjónustuna ráða illa við slíkt álag en þátttakendur á Hornafirði. Þátttakendur í Mýrdalshreppi og á Hornafirði voru á hinn bóginn líklegri til að telja að erlent starfsfólk ferðaþjónustunnar hefði aðlagast samfélögum þeirra vel en þátttakendur utan skilgreindra álagssvæða.

Á heildina litið má því álykta að áhrif af völdum ferðaþjónustu – og þá hvort heldur jákvæð eða neikvæð – þurfi ekki að birtast með sama hætti í öllum byggðarlögum, jafnvel þótt umfang ferðaþjónustunnar sé af sömu stærðargráðu. Munur á staðbundnum aðstæðum getur þannig ráðið miklu um hvort viðhorf til einstakra áhrifa af völdum ferðaþjónustunnar verði jákvæð eða neikvæð. Þá benda niðurstöður könnunarinnar ekki til þess að einfalt 'línulegt samband' sé milli aukins fjölda ferðamanna og aukinnar

tíðni neikvæðra viðhorfa meðal íbúa; þvert á móti geta bæði komið fram jákvæðari viðhorf og neikvæðari viðhorf en á samanburðarsvæðunum eftir því sem umfang ferðaþjónustunnar er meiri. Því mætti sennilega nota orðið 'uppgangssvæði' um byggðarlög þar sem umfang ferðaþjónustunnar er hve mest, allt eins og orðið 'álagssvæði'.

Í síðasta hluta rannsóknarinnar – rýnihópaviðtölunum – voru helstu niðurstöður spurninga-könnunarinnar bornar undir þátttakendur og þeir beðnir að gefa álit sitt á þeim. Niðurstöðurnar komu þátttakendunum ekki á óvart, ef frá er talinn munurinn á viðhorfum karla og kvenna sem ræddur var hér að ofan. Þátttakendur sögðust sjálfir ekki hafa orðið varir við slíkan kynbundinn mun á viðhorfum og kunnu ekki skýringar á honum. Svör um stærstu vandamál eða úrlausnarefni voru nokkuð áþekk á milli svæða. Allir rýnihóparnir nefndu vegakerfið og umferðarþungann og breytta íbúasamsetningu og samfélagsgerð vegna fjölgunar íbúa af erlendum uppruna. Mikið álag á heilbrigðisþjónustu og lögreglu var einnig nefnt bæði af þátttakendum í Bláskógabyggð og í Mýrdalshreppi, og sömuleiðis húsnæðisvandi.

Úrlausnarefnin sem nefnd voru af rýnihópunum ríma vel við niðurstöður spurningakönnunarinnar. Umræðan í rýnihópunum varpaði þó iðulega skýrara ljósi á þann vanda sem við er að glíma og sýndi enn fremur að sami vandi gæti haft ólíkar birtingarmyndir sem sköpuðust í gegnum samspil við staðbundnar aðstæður. Umræðan í rýnihópunum gaf líka talsvert aðra mynd af breytingum á félagslífi heimamanna en unnt var að lesa úr niðurstöðum spurningakönnunarinnar. Áhrifin þóttu umtalsverð og voru að mestu rakin til breyttrar íbúasamsetningar, þar sem íbúar af erlendum uppruna – sem færi stöðugt fjölgandi – tækju síður þátt í félagsstarfi en þeir íbúar sem fyrir voru. Þátttakendur í rýnihópunum voru þó meðvitaðir um að þetta væri ekki 'einkamál' erlendu íbúana, heldur þyrfti samfélag í heild sinni að takast á við þetta viðfangsefni. Í rýnihópunum var einnig minnst á viðfangsefni sem ekki var tekið fyrir í könnuninni, en ætti sennilega að vera fastur liður í framtíðarrannsóknum. Það snéri að menntun í ferðaþjónustu, bæði fagmenntun á einstökum sviðum en einnig aukinni menntun stjórnenda svo og menntun sem stuðlaði að nýsköpun í greininni, t.d. í ævintýraferðaþjónustu.

* * *

Mikill og hraður vöxtur ferðaþjónustunnar á undanförnum sjö-átta árum hefur breytt íslensku samfélagi á margvíslegan og, í sumum tilvikum, djúpstæðan hátt. Svör þátttakenda í þessari rannsókn benda til þess að þessar breytingar hafi, á heildina litið, verið til góðs fyrir íbúa á Suðurlandi. Þótt útlit sé nú fyrir hægari fjölgun í komum ferðamanna til landsins, eða jafnvel tímabundna fækkun þeirra, þá bendir fátt til annars en að þessar samfélagslegu breytingar verði viðvarandi og festist enn frekar í sessi á komandi árum. Þessari þróun í heild mætti lýsa sem tilurð 'nýs veruleika' í íslensku samfélagi – nýrrar og áður óþekktrar grunnstöðu þar sem þjónustugrein hefur leyst frumframleiðslu af hólmi sem mikilvægustu stoð atvinnulífsins á landsbyggðinni. Sambærileg breyting átti sér stað á síðustu öld þegar sjávarútvegur tók – á tiltölulega skömmum tíma – við af landbúnaði sem stærsta atvinnugrein landsins. Nýr veruleiki kallar á nýja þekkingu, nýja hugsun og ný vinnubrögð – við þurfum að reyna að skilja þessar breytingar og sjá hvert þær eru að leiða samfélögin okkar. Þannig skapast forsendur til að stýra þeim sterku þróunarkröftum sem vöxtur ferðaþjónustunnar hefur leyst úr læðingi. Hér erum við ekki aðeins að tala um atvinnu fólks heldur einnig samlíf þeirra í heimabyggðunum, lífsgæði og líðan. Þess vegna er afar brýnt að vöxtur í ferðaþjónustu á Suðurlandi eigi sér stað „í sátt við íbúa og samfélagið", eins og tilgreint er í lýsingunni á áhersluverkefni SASS sem var hvati þessarar rannsóknar.

6.2 Tillögur að verkefnum

Niðurstöður þessarar rannsóknar í heild sinni benda til þess að það séu einkum tíu úrlausnarefni sem takast þurfi á við á allra næstu árum til að mæta sterkustu áhrifum ferðaþjónustunnar á samfélög heimamanna á Suðurlandi. Sum þeirra kalla á aðkomu ríkisvaldins, önnur á aðkomu sveitarfélaga, enn önnur eru fyrst og fremst á forræði atvinnugreinarinnar og loks kalla sum þessara úrlausnarefna eftir þátttöku íbúanna sjálfra. Úrlausnarefnin eru sýnd á skematískan hátt í töflu 9:

	Ríki	Sveitarfélög	Fyrirtæki	Íbúar
Vegakerfið				
Umferðin				
Heilbrigðisþjónusta				
Löggæsla				
Fagmenntun				
Húsnæðismál				
Stefnumótun/Samráð				
Tungumál				
Ungt fólk				
Nýsköpun/Atvinnuþróun				

TAFLA 9: Tillögur að verkefnum, auk hugmynda um verkaskiptingu ólíkra aðila. Rauður litur sýnir meginábyrgð, appelsínugulur ábyrgð og gulur þörf á þátttöku.

Slæmt ástand vegakerfisins á Suðurlandi, samhliða breyttri umferð á vegum, eru augljóslega brýn viðfangsefni að mati Sunnlendinga. Vaxandi álag á heilbrigðisþjónustu og lögreglu eru einnig víða nefnd sem áhyggjuefni af þátttakendum rannsóknarinnar. Aukin fagmenntun myndi bæði leiða til bættra þjónustugæða og skapa möguleika á hærri launum fyrir þá einstaklinga sem starfa innan greinarinnar. Víða er skortur á leiguíbúðum sem m.a. torveldar nýjum íbúum, hvort heldur ungu fólki eða aðfluttum starfsmönnum, að 'máta sig' við byggðina áður en það tekur ákvörðun um að setjast þar að til frambúðar eða ekki. Stefnumótun um framtíð ferðaþjónustunnar innan einstakra sveitarfélaga mætti víða vera skýrari og bjóða upp á virka þátttöku almennings. Stærsti 'flöskuhálsinn' í samskiptum íbúa er tungumálið; mikilvægt er að erlendir starfsmenn í ferðaþjónustu séu hvattir til þess að læra íslensku en jafnframt að aðrir íbúar taki þátt í því verkefni með þeim. Vöxtur ferðaþjónustunnar á undanförnum árum hefur skapað margvísleg ný tækifæri fyrir ungt fólk, bæði einstaklinga sem eiga rætur í samfélögunum og aðra sem hefðu hug á að setjast þar að; vinna þarf markvisst að því að greiða götu ungs fólks því á honum veltur endurnýjun samfélagsins að stærstum hluta. Einnig þarf að efla leiðsögn og stuðning við nýsköpun og atvinnuþróun í ferðaþjónustu, ekki síst m.t.t. þess að auka langtíma sjálfbærni greinarinnar nú þegar hið stóra vaxtarskeið hennar er sennilega á enda.

6.3 Tillögur að framhaldsrannsóknum

Rannsóknir eins og þessi vekja gjarnan upp fjölmargar nýjar spurningar og verða þannig kveikjan að áframhaldandi rannsóknum. Að mati höfunda þessarar skýrslu væri sérstaklega áhugavert – og jafnvel brýnt – að skoða nánar eftirfarandi þætti.

Mun á viðhorfum karla og kvenna til áhrifa af völdum ferðamana og ferðaþjónustu – þetta viðfangsefni væri best að kanna með eigindlegum aðferðum í byrjun (þ.e. viðtölum við konur frá ólíkum stöðum innan landshlutans) sem síðan mætti fylgja eftir með spurningakönnun**.**

Viðhorf ungs fólks til starfa og nýsköpunar í ferðaþjónustu – þessi viðhorf mætti hvort heldur skoða með viðtölum við einstaklinga eða í gegnum rýnihópa.

Viðhorf aðfluttra íbúa til samfélagsins þar sem þeir búa – viðhorf íbúa af erlendum uppruna koma fremur illa fram í þessari rannsókn, þar sem erfiðara var að ná til þeirra en íbúa sem gátu talað eða lesið íslensku. Þar sem hlutfallslegur fjöldi þeirra er víða orðinn mikill í sunnlenskum byggðarlögum er mikilvægt að finna leiðir til þess að þeir geti tjáð skoðanir sínar á samfélagslegum málum til jafns við aðra íbúa.

Samræmdar upplýsingar um umfang ferðaþjónustunnar í einstökum byggðarlögum – erfitt er að meta mikilvægi ferðaþjónustunnar í einstökum byggðarlögum nema fyrir liggi upplýsingar um t.a.m. fjölda fyrirtækja, fjölda starfsmanna og fjölda gistirýma. Á grundvelli slíkra upplýsinga má síðan meta umfang ferðaþjónustunnar innan landshlutans alls.

Áhrif heilsársferðaþjónustu á starfsumhverfi fyrirtækja – Suðurland er það svæði á landsbyggðinni þar sem heilsársferðaþjónusta hefur skotið langsterkustu rótum. Þessi umbreyting hefur átt sér stað á tiltölulega skömmum tíma en mikilvægt er að kanna hvaða áhrif hún hefur á t.a.m. rekstur fyrirtækja og starfsmannamál.

Farleiðir og ferðamynstur erlendra ferðamanna á Suðurlandi – Suðurland er öflugasta ferðamannasvæði landsins utan höfuðborgarinnar. Mikilvægt er að kanna helstu áhrifaþætti sem stýra ferðum erlendra gesta um landshlutann, t.d. hvaða hlutverk hringvegurinn leikur í því sambandi og hvað rekur ferðamenn til að heimsækja landshlutann eða einstaka áfangastaði innan hans utan hefðbundins ferðamannatíma.

VIÐAUKI 1:

Viðtalsrannsókn um félagsleg þolmörk ferðamennsku meðal íbúa á Suðurlandi

I. Stöðulýsing á viðmælendum og samfélagi

1. Mig langar í upphafi að biðja þig um að segja lauslega frá sjálfri/sjálfum þér.
2. Ert þú fædd/ur í bænum – hvað hefur þú búið þar lengi?
3. Hvernig finnst þér stemmningin í bænum? Getur þú lýst bæjarlífinu og bæjarbragnum?
4. Hvað einkennir atvinnulífið að þínu mati?
5. Er þetta fjölduskylduvænt samfélag að þínu mati?
6. Er mikið félags- eða menningarstarf í gangi í bænum? Koma bæjarbúar oft saman – þá af hvaða tilefni?

II. Samskipti viðmælenda við ferðamenn

1. Hvar og hvenær mætir þú helst ferðafólki í þínu daglega lífi?
2. Átt þú einhver samskipti við ferðafólkið? Getur þú sagt mér frá dæmigerðum samskiptum sem þú átt við ferðafólk?
3. Finnst þér vera mikil umræða um erlenda eða innlenda ferðamenn í þínu nærsamfélagi? Er fólkið sem þú umgengst mikið að tala um ferðamenn?
4. Hvort finnst þér þessi umræða almennt vera á jákvæðum eða neikvæðum nótum?
5. Hvað finnst þér helst nefnt sem **jákvæð** áhrif ferðaþjónustu í þinni heimabyggð?
6. Hvað finnst þér helst nefnt sem **neikvæð** áhrif ferðaþjónustu í þinni heimabyggð?
7. Hefur þú sjálf(ur) reynslu af áhrifum vaxandi ferðaþjónustu? Hvers konar reynsla var það?

III. Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu

1. Finnst þér ferðaþjónusta vera mikilvæg atvinnugrein á svæðinu? Á hvaða hátt?
2. Er starfsemi ferðaþjónustunnar breytileg eftir árstíma?
3. Verður þú mikið var/vör við starfsemi ferðaþjónustunnar? Hvers konar starfsemi er þar um að ræða?
4. Hverjir eiga ferðaþjónustufyrirtækin sem mest kveður að í þinni heimabyggð?
5. Telur þú að eignarhaldið skipti máli?
6. Hverjir starfa hjá ferðaþjónustufyrirtækjum í heimabyggðinni?
7. Hefur ferðaþjónustan haft áhrif á verðlag á einhvern hátt? Hefur það haft áhrif á reglubundna neyslu þína?

IV. Innviðir/almannagæði

1. Hefur einhver uppbygging átt sér stað í nærsamfélaginu vegna ferðaþjónustu? Hvers konar uppbygging er það?
2. Hefur **uppbygging** vegna ferðaþjónustu haft áhrif á nærsamfélagið? Eru heimamenn að njóta góðs af þeirri uppbyggingu?
3. Hvað finnst þér um að ferðamenn nýti ýmis almannagæði nærsamfélagsins, s.s. sundlaugina eða heilsugæsluna?
4. Verður þú var/vör við aukið álag á almannaþjónustu vegna ferðamanna, t.d. á heilsugæslu, lögreglu eða björgunarsveitir?
5. Finnst þér ferðaþjónustan hafa breytt samgöngum á einhvern hátt?
6. Veistu hvort sveitarfélagið er með markvissa stefnu og vinnu í gangi varðandi ferðaþjónustu? Hvað finnst þér um hana?
7. Hvernig sýnist þér, sem íbúa, þróunin vera í ferðaþjónustu?

V. Breytingar

1. Finnur þú fyrir einhverjum breytingum í þínu daglega lífi á undarnförnum 2-3 árum sem rekja má til ferðaþjónustunnar?
2. Telur þú að þitt daglega líf breytist yfir háannatíma ferðaþjónustu?
3. Hefur fjölskyldulíf þitt breyst vegna ferðaþjónustu?
4. Finnst þér nærsamfélagið eða bæjarbragurinn hafa breyst á einhvern hátt á síðustu árum?
5. Finnst þér ferðaþjónustan hafa breytt nærsamfélagi þínu á **varanlegan** hátt?
6. Eru þessar breytingar ásættanlegar að þínu mati?

VI. Árekstrar

1. Hafa umsvif ferðaþjónustunnar farið vaxandi í þinni heimabyggð á síðustu árum?
2. Hvað finnst þér um núverandi fjölda ferðamanna í byggðarlaginu að sumarlagi? En yfir vetrartímann?
3. Hvernig líður þér þegar ferðamannatímabilinu lýkur?
4. Truflar hegðun ferðamanna þig á einhvern hátt?
5. Hefur þú orðið var/vör við einhverskonar árekstra milli heimamanna og ferðamanna? Hvernig lýsa þeir sér?
6. Af hverju stafa þessir árekstrar að þínu mati?

VII. Sviðsmyndir

1. Segjum svo að það yrðu breytingar á ferðamannastraumnum; hvaða áhrif myndi það hafa í þínu lífi og daglega umhverfi ef það kæmi tvisvar sinnum fleira ferðafólk hingað á sumrin?
2. En á veturna, hvað áhrif hefði það á þig og þitt daglega umhverfi?
3. En ef dæmið snerist við; segjum að ferðafólk hætti að koma hingað?
4. Hvað telur þú líklegast að gerist varðandi fjölgun eða fækkun ferðamanna á svæðinu á næstu árum?
5. Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum?

VIÐAUKI 2:

Spurningakönnunin *Viðhorf Sunnlendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu*

Áður en könnun hefst:

Mér ber að benda þér á að þér er ekki skylt að svara einstökum spurningum eða spurningalistanum í heild, en farið verður með öll gögn sem trúnaðarmál og nafn þitt mun hvergi koma fram, hvorki á svarblaðinu né í úrvinnslu.

Áður en við byrjum þá vil ég taka það fram að ef talað er um þína heimabyggð í spurningunum ***þá er átt við þann stað eða bæjarfélag sem þú býrð í eða það sem þú miðar við sem þitt daglega umhverfi eða nærsamfélag****. Og svo ef þú ert í vafa þá er alltaf möguleiki á því að svara „ég veit það ekki" eða „vil ekki svara.*

1. Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin (júní, júlí og ágúst)? Finnst þér að fjöldi ferðamanna í þinni heimabyggð sé of lítill á sumrin, of mikill eða hæfilega mikill? (*Spyrlar: ýta heldur of eða allt of*)
    a) Allt of mikill
    b) Heldur of mikill
    c) Hæfilegur
    d) Heldur of lítill
    e) Allt of lítill
    98 Veit ekki
    99 Vil ekki svara

2. Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna (nóv. til loka mars)? Finnst þér að fjöldi ferðamanna í þinni heimabyggð sé of lítill á veturna, of mikill eða hæfilega mikill? (*Spyrlar: ýta heldur of eða alltof*)
    a. Allt of mikill
    b. Heldur of mikill
    c. Hæfilegur
    d. Heldur of lítill
    e. Allt of lítill
    98 Veit ekki
    99 Vil ekki svara

3. Hversu oft átt þú í samskiptum við ferðamenn í þinni heimabyggð? Með samskiptum er t.d. átt við að vísa fólki til vegar, svara fyrirspurnum á förnum vegi o.s.frv.
    a. Daglega
    b. Nokkrum sinnum í viku
    c. U.þ.b. einu sinni í viku
    d. Sjaldnar en einu sinni í viku
    e. Aldrei eða næstum aldrei
    98 Veit ekki
    99 Vil ekki svara

4. Hvaða mat myndurðu leggja á samskipti þín við ferðamenn í þinni heimabyggð? Myndirðu segja að þau væru almennt á jákvæðum nótum eða neikvæðum nótum? (svarmöguleikar: Mjög neikvæð = 1, frekar neikvæð = 2, hvorki neikvæð né jákvæð = 3, frekar jákvæð =4, mjög jákvæð =5, 98 Veit ekki, 99 Vil ekki svara).

5. Nú koma nokkrar fullyrðingar um samskipti við ferðamenn. Ég ætla að lesa þær upp og biðja þig að segja mér hvort þú sért þeim sammála eða ósammála. Sú fyrsta er svona: (svarmöguleikar við hverja: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara) (*Spyrlar: ýta mjög eða frekar...)*
   (a) Mér finnst gaman að eiga samskipti við erlenda ferðamenn.
   (b) Mér finnst auðvelt að eiga samskipti við ferðamenn frá framandi löndum.
   (c) Mér finnst Íslendingar vera gestrisin þjóð

6. Nú koma nokkrar fullyrðingar um áhrif ferðaþjónustu í þinni heimabyggð. Ég ætla að lesa þær upp og biðja þig að segja mér hvort þú sért þeim sammála eða ósammála. Sú fyrsta er svona: (svarmöguleikar við hverja: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara) (*Spyrlar: ýta mjög eða frekar...)*
   (a) Ferðaþjónusta hefur skapað aukin atvinnutækifæri í minni heimabyggð.
   (b) Ferðaþjónusta hefur skapað ný störf sem ekki þekktust áður í minni heimabyggð.
   (c) Fólk flytur í auknum mæli í mína heimabyggð vegna möguleika á starfi við ferðaþjónustu.
   (d) Ungu fólki í minni heimabyggð hefur fjölgað vegna ferðaþjónustunnar.
   (e) Aðrar atvinnugreinar í minni heimabyggð gjalda þess að fólk ræður sig til starfa í ferðaþjónustu.
   (f) Flestir nýir starfsmenn í ferðaþjónustu staldra stutt við í minni heimabyggð.
   (g) Stór hluti íbúðarhúsnæðis í byggðarlaginu er nýttur undir ferðaþjónustu.
   (h) Ferðaþjónustan hefur takmarkað möguleika íbúa á að eignast húsnæði í minni heimabyggð.
   (i) Mín heimabyggð getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður.

7. Telur þú að ferðaþjónusta skapi að jafnaði fjölbreytt eða einhæf störf? (*spyrlar ýta...*)
   (svarmöguleikar: Mjög fjölbreytt, Frekar fjölbreytt, Bæði fjölbreytt og einhæf störf, Frekar einhæf, Mjög einhæf, 98) Veit ekki, 99) vil ekki svara).

8. En telur þú að ferðaþjónustan skapi að jafnaði vel eða illa launuð störf? (*spyrlar ýta...*) (svarmöguleikar: Mjög vel launuð, Frekar vel launuð, Bæði vel og illa launuð störf, Frekar illa launuð, Mjög illa launuð, 98) Veit ekki, 99) vil ekki svara).

9. Telur þú að margir eða fáir íbúar í þinni heimabyggð njóti efnahagslegs ávinnings af ferðaþjónustu? (svarmöguleikar: Mjög marga, Frekar marga, Hvorki marga né fáa, Frekar fáa, Mjög fáa, 98) Veit ekki, 99) vil ekki svara)

10. Telur þú að stór eða lítill hluti þeirra tekna sem skapast af ferðaþjónustu í þinni heimabyggð setji eftir á svæðinu? (svarmöguleikar: Mjög stór, Frekar stór, Hvorki stór né lítill, Frekar lítill, Mjög lítill, 98) Veit ekki, 99) vil ekki svara)

11. Nú koma nokkrar fullyrðingar um erlent starfsfólk í ferðaþjónustu. Ég ætla að lesa þær upp og biðja þig að segja mér hvort þú sért þeim sammála eða ósammála. Sú fyrsta er svona: (svarmöguleikar við hverja: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara) (*Spyrlar: ýta mjög eða frekar...)*
   (a) Erlent starfsfólk í ferðaþjónustu í minni heimabyggð aðlagast samfélaginu vel.
   (b) Íbúar í minni heimabyggð hafa tekið vel á móti erlendu starfsfólki ferðaþjónustunnar og fjölskyldum þeirra.
   (c) Sveitarfélagið mitt hefur tekið vel á móti erlendu starfsfólki ferðaþjónustunnar og fjölskyldum þeirra.

12. Telur þú ferðaþjónustu hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á eftirfarandi þætti í þinni heimabyggð? (svarmöguleikar: Mjög jákvæð áhrif = 1, frekar jákvæð áhrif = 2, Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif = 3, frekar neikvæð áhrif =4, mjög neikvæð áhrif=5, 98 Veit ekki, 99 Vil ekki svara). *Áhrif ferðaþjónustu á:*
(a) Almenn lífskjör íbúa
(b) Fasteignaverð
(c) Aðgengi íbúa að þjónustu [Dæmi: bankar, pósthús, heilsugæsla]
(d) Aðgengi íbúa að verslun
(e) Umferðarþunga á vegum
(f) Umferðartafir á vegum
(g) Aðstöðu til útivistar eða frístundaiðkunar
(h) Framboð á menningarviðburðum eða skemmtunum
(i) Samfélagsandann meðal íbúa
(j) Tengsl íbúa við samfélagið

13. Telur þú þig hafa mikla eða litla möguleika á að taka þátt í ákvörðunum um framtíð ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? (svarmöguleikar: Mjög mikla, Frekar mikla, Hvorki mikla né litla, Frekar litla, Mjög litla, 98) Veit ekki, 99) vil ekki svara)

14. Hvort telur þú að ferðamenn/-þjónusta í þínu sveitarfélagi bæti lífsgæði þín eða dragi úr þeim?
   a. Lífsgæðin batna
   b. Lífsgæðin hvorki batna né versna
   c. Lífsgæðin versna
   98 Veit ekki
   99 Vil ekki svara

15. Nú koma nokkrar fullyrðingar um mögulegar breytingar á lífsvenjum heimamanna vegna aukins fjölda ferðamanna. Ég ætla að lesa þær upp og biðja þig að segja mér hvort þú sért þeim sammála eða ósammála. Sú fyrsta er svona: (svarmöguleikar við hverja: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, á ekki við, veit ekki, vil ekki svara) (*Spyrlar: ýta mjög eða frekar...)*
   (a) Ég reyni að forðast ákveðna staði á landinu þar sem ég veit að marga ferðamenn er að finna
   (b) Ég er hræddari en áður við að keyra úti á þjóðvegum landsins vegna aukinnar umferðar ferðamanna
   (c) Ég hef þurft að breyta út af hefðbundnum lífsvenjum mínum eftir að ferðamönnum fjölgaði í minni heimabyggð. [Dæmi ,ef þarf: sund, verslunarvenjur, aka um heimabyggðina etc.]
   (d) Ég er sáttur(ur) við að þurfa að gera breytingar á hefðbundnum lífsvenjum mínum vegna ferðamanna í minni heimabyggð.

16. Hversu vel eða illa finnst þér eftirtaldir ráða við aukið álag sem rekja má til fjölgunar ferðamanna í þinni heimabyggð? (svarmöguleikar við hverja: Mjög vel, frekar vel, hvorki vel né illa, frekar illa, mjög illa, veit ekki, vil ekki svara) (*Spyrlar: ýta mjög eða frekar...)*
   a) Sveitarfélagið
   b) Heilbrigðisþjónustan
   c) Verslanir
   c) Lögreglan
   d) Björgunarsveitir
   e) Landverðir/skálaverðir

17. Telur þú sveitarfélagið hafa skýra eða óskýra framtíðarsýn fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu?(svarmöguleikar: Mjög skýra, frekar skýra, hvorki skýra né óskýra frekar óskýra, mjög óskýra, veit ekki, vil ekki svara) (*Spyrlar: ýta mjög eða frekar...)*

18. Hvað hefur þú búið lengi í byggðarlaginu? *(spyrill les upp flokka ef þörf krefur)*
    a. 5 ár eða skemur
    b. 6-10 ár
    c. 11-20 ár
    d. 21-30 ár
    e. Lengur en 30 ár
    98 Veit ekki
    99 Vil ekki svara

[Skilyrt spurning. Birtist þeim sem hafa búið 6 ár eða lengur í sveitarfélaginu]

19. Nú vil ég biðja þig að hugsa um félagslega þátttöku þína í dag og bera hana saman við þátttöku þína áður en ferðaþjónustan tók að eflast. Ég mun lesa upp nokkrar tegundir félagslegrar þátttöku í þinni heimabyggð. Ef þú hefur aldrei tekið þátt í því starfi sem ég nefni bið ég þig um að svara að það eigi ekki við. Telur þú þig í dag verja meiri, jafnmiklum eða minni tíma í ... a) Mun meiri b) Heldur meiri c) Jafnmiklum d) Heldur minni e) Mun minni 97) Á ekki við, hef aldrei tekið þátt í þess háttar starfi í sveitarfélaginu 98) Veit ekki 99) vil ekki svara sjá sp 9.
    a) Tómstundarstarf og/eða íþróttir
    b) Þátttöku í menningu og listum
    c) Starf björgunarsveita
    d) Starf annarra góðgerðarsamtaka eða trúfélaga
    e) Samkomur eða skemmtanir með öðrum íbúum sveitarfélagsins

20. Telur þú að ferðaþjónusta hafi aukið eða dregið úr bjartsýni á framtíð samfélagsins í þinni heimabyggð?
    a. Bjartsýni hefur aukist
    b. Bjartsýni hefur hvorki aukist né minnkað
    c. Bjartsýni hefur minnkað
    98 Veit ekki
    99 Vil ekki svara

21. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með ferðaþjónustu í þinni heimabyggð, þegar á heildina er litið? (svarmöguleikar: Mjög ánægð(ur), Frekar ánægð(ur), Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur), Frekar óánægð(ur), Mjög óánægð(ur), 98 Veit ekki, 99 vil ekki svara)

22. Nú er koma að lokaspurningunum. Hvað er <u>jákvæðast</u> við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? Geturðu nefnt eitt til tvö atriði? (*spyrlar óska eftir stuttum svörum*)
    Nr 1_____
    Nr 2_____

23. En hvað er <u>neikvæðast</u> við ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? Það má nefna eitt til tvö atriði. (*spyrlar óska eftir stuttum svörum*)
    Nr 1_____
    Nr 2_____

24. Starfar þú við ferðaþjónustu?
    a. Já
    b. Nei
    98 Veit ekki
    99 Vil ekki svara

[Skilyrt spurning: Aðeins þeir sem ekki starfa við ferðaþjónustu]

25. Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu
    a. Já
    b. Nei, hvers vegna ekki?_____
    98 Veit ekki
    99 Vil ekki svara

26. Hefur þú eða einhver á heimilinu tekjur af ferðamönnum? (*Spyrlar: ef já- ýta; er það allt árið eða aðeins hluta úr ári?*)
    a. Já, allt árið
    b. Já, hluta úr því
    c. Nei
    98 Veit ekki
    99 Vil ekki svara

27. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?
    a. Grunnskólanám eða minna (t.d. *grunnskólapróf, landspróf, gagnfræðapróf*)
    b. Stúdentspróf eða iðnnám
    c. Annað starfsnám
    d. Háskólapróf
    98 Veit ekki
    99 Vil ekki svara

28. Hver er staða þín á vinnumarkaði?
    a. Í launuðu starfi
    b. Sjálfstætt starfandi
    c. Atvinnurekandi
    d. Í námi
    e. Á eftirlaunum
    f. Öryrki
    g. Atvinnuleitandi
    h. Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi
    i. Heimavinnandi
    j. Annað
    98 Veit ekki
    99 Vil ekki svara

Í lok könnunar: Þakka fyrir þátttöku!

Upplýsingar sem fást með þjóðskrárúrtakinu og þarf því ekki að spyrja um:

29. Kyn
    e. Karl
    f. Kona

30. Aldur (fæðingarár)

31. Í hvaða póstnúmeri býrð þú?
    Póstnúmer: _____ 98. Vil ekki svara 99. Veit ekki

VIÐAUKI 3:

Umræðurammi fyrir lausnamiðaða rýnihópa á skilgreindum álagssvæðum

Inngangur

Um leið og við bjóðum ykkur velkomin viljum við þakka ykkur fyrir að gefa ykkur tíma til að taka þátt í þessu rýnihópaviðtali í kvöld.

Þetta viðtal í dag er hluti af stærra rannsóknarverkefni sem hefur það að markmiði að kanna félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu. Búið er að gera viðamikla spurningakönnun meðal íbúa á Suðurlandi og markmiðið með þessum rýnihópi er að dýpka skilning á einstökum niðurstöðum könnunarinnar og ræða vandamálin sem talin eru alvarlegust.

Við erum að leita ráða hjá ykkur þannig þið komið hingað sem fulltrúar íbúa á svæðinu til þess að aðstoða okkur við að finna skýringar á niðurstöðum og ræða mögulegar lausnir á þeim vandamálum sem fyrir liggja. Niðurstöðum verður miðlað til þeirra bæjaryfirvalda á álagssvæðunum, en rannsakendur hafa ekki umboð til þess að hrinda breytingum í framkvæmd, einungis miðla niðurstöðum og lausnartillögum.

Áður en við byrjum þá eru nokkur atriði sem ég vil taka fram:

- Það er ekkert rétt eða rangt í þessum umræðum. Þið getið verið alveg óhrædd við að segja eins og ykkur finnst.
- Það er mikilvægt að við hlustum á það sem aðrir í hópnum segja og berum virðingu og sýnum hvort öðru kurteisi og tillit.
- Við rannsakendur eru bundin trúnaði og megum engum segja hverjir taka þátt né ræða það sem fram kemur í rýnihópunum. Við biðjum ykkur ennfremur að gæta þess að það sem sagt er hér inni fari ekki lengra.
- Við þurfum að vera meðvituð um að öll höfum við ólíka reynslu að baki og upplifanir og persónulegar skoðanir sem ber að virða. **Það er allt í lagi að vera ósammála.**
- Þið þurfið ekki að taka þátt í umræðunum ef þið viljið það ekki og megið hætta og fara hvenær sem þið viljið.

Nánar um praktísk atriði og trúnað:

- Ég er með upptökutæki, það er bara svo ég muni betur það sem þið segið.
- Slökkva á gsm símum.

Fyrirmæli	Spurningar / efni	Afrakstur
U.þ.b. 10 mín.	**1. Kynning** Umræðustjóri • Nafn Rannsóknarsetrið á Höfn • Óháður aðili Þátttakendur • Nafn, starf • Hversu lengi hefur þú búið í [sveitarfélaginu]	*Kynning á umræðustjóra, ferlinu og þátttakendum*
U.þ.b. 20 mín	**2. Viðbrögð við niðurstöðum spurningakönnunar** (Útskýra hvað átt er við með „önnur svæði" – þ.e. að þau séu ekki álagssvæði) Gögn sýnd um niðurstöður nokkurra spurninga þar sem fram kemur munur milli [álagssvæðis] og annarra svæða. **Fjöldi ferðamanna** • Hver eru viðbrögð ykkar við þessum niðurstöðum? o Koma þessar niðurstöður ykkur á óvart? o Getið þið nefnt dæmi um of mikinn fjölda ferðamanna? **Lífsvenjur** o Hvað er það sem fólk er ósátt við, þegar kemur að breytingum á lífsvenjum? o Hvaða hópar teljið þið að finni fyrir mestu neikvæðu áhrifum á breyttar lífsvenjur **Hræðsla við þjóðveginn** o Í hverju felst hræðslan o Er hræðslan bundin við ákveðna staði, tíma dags eða árs. **Fasteignakaup** o Í hverju felast þessar takmarkanir á húsnæðiskaupum?	*Að fá fram skýringar á niðurstöðum könnunarinnar*

Fyrirmæli	Spurningar / efni	Afrakstur
	Tekjur á svæðinu ○ Eruð þið sammála þessu ○ Getið þið nefnt mér dæmi **Almannaþjónusta** ○ Að hvaða leyti ræður hún illa við álagið ○ Dæmi? ○ Eru sérstakir álagstímar?.	
u.þ.b 30 min	**MATARHLÉ**	
U.þ.b. 10 mín	**3. Breytt samfélag** Þegar þið hugsið um hvort og þá hvernig samfélagið hér á [álagssvæðinu] hefur breyst á undanförnum 10 árum, hvað kemur upp í huga ykkar? • Hvaða breytingar hafa átt sér stað? • Hvað af þessum breytingum teljið þið að megi rekja til aukinnar ferðaþjónustu?	*Að fá fram hugmyndir fólks um breytingar á samfélagsgerðinni sem má rekja til aukinnar ferðaþjónustu*
U.þ.b. 10 mín.	**4. Ferðaþjónusta og ungt fólk** Leiðið nú hugann að unga fólkinu hér á svæðinu. Teljið þið vöxt ferðaþjónustunnar skipta máli fyrir ungt fólk hér? Hvernig þá? • Hvaða þýðingu hefur vöxtur ferðaþjónustunnar fyrir atvinnutækifæri ungs fólks? • Hafið þið orðið vör við að ungt fólk sé að stofna sín eigin fyrirtæki? – Hvernig fyrirtæki eru það? • Hefur ungu fólki fjölgað? – Hvers vegna teljið þið að svo sé?/hvað kemur í veg fyrir fjölgun/hvers vegna fer þeim fækkandi.	*Fá fram hugmyndir fólks um áhrif ferðaþjónustu á ungt fólk*

Fyrirmæli	Spurningar / efni	Afrakstur

U.þ.b. 10 mín.	**5. Ferðaþjónusta sem atvinnugrein**
	
	Hvað finnst ykkur almennt um ferðaþjónustu sem atvinnugrein?
	
	• Fleiri störf?
	
	• Ný störf, þ.e. störf af einhverjum toga sem ekki voru til áður?
	
	• Hvers konar störf eru þetta?
	
	  ○ Fjölhæf eða einhæf störf?
	  ○ Vel eða illa launuð störf, miðað við það sem gengur og gerist í samfélaginu?
	
	• Hvaða þýðingu hefur það haft (ef einhverja) að fá nýja og/eða öflugri stoð undir atvinnulífið í samfélaginu?
	
	• Hefur það breytt samfélagsgerðinni á einhvern hátt?
	
	• Hefur það breytt viðhorfum fólks til búsetu hér?
		Fá fram hugmyndir fólks um áhrif ferðaþjónustu á atvinnulífið

U.þ.b. 10 mín.	**6. Kynjamunur**
	
	• Niðurstöður könnunarinnar sýndu að karlar eru almennt séð jákvæðari gagnvart ferðaþjónustunni en konur. Kunnið þið einhverjar skýringar á þessu?
	
	  ○ Eru konur ekki að njóta sömu tækifæra eða ávinnings og karlar vegna vaxandi ferðaþjónustu? (skapast ólík störf fyrir kynin)
	
	  ○ Veldur vöxtur ferðaþjónustunnar auknu álagi á konur (umfram karlmenn)?
	
	  ○ Hvernig er að samræma fjölskyldulíf og vinnu í ferðaþjónustu, (misskipt álag milli kynja)	

U.þ.b. 10 mín.	**7. Erlent starfsfólk** • Samhliða vexti ferðaþjónustunnar hefur aðfluttu fólki, oft af erlendum uppruna, fjölgað í mörgum byggðarlögum. ○ Verðið þið mikið vör við aðflutt starfsfólk af erlendum uppruna? ○ Hvernig finnst ykkur erlent starfsfólk í ferðaþjónustu aðlagast samfélaginu? ○ Hefur þessi þróun leitt til einhverra breytinga á samfélaginu? ○ Er þetta sambærilegt við farandverkamennina í fiskiðnaðinum áður fyrr? Að hvaða leyti og að hvaða leyti ekki.	
U.þ.b. 5 mín.	**8. Íbúalýðræði** • Teljið þið að íbúar hafi haft möguleika á að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða þróun eða framtíð ferðaþjónustunnar hér? ○ Finnst ykkur mikilvægt að íbúar fái að koma að slíkum málum? Hvers vegna eða hvers vegna ekki.	
U.þ.b. 5 mín.	**9. Bjartsýni** ○ Á heildinni litið, hvort finnst ykkur að efling ferðaþjónustunnar hafi aukið eða dregið úr bjartsýni meðal íbúa á framtíð þessa samfélags? ○ Hvers vegna – hvaða þættir skipta þar helst máli?	

u.þ.b. 30 min	**LAUSNARTILLÖGUR:** Biðja fólk um að skilgreina þau vandamál eða áhersluatriði sem það telur brýnast að takast á við. • Velja 3 atriði sem ferðaþjónusta hefur áhrif á til nánari umræðu. • Taka eitt og eitt fyrir í einu og spyrja: • Nú erum við búin að fara í gegnum það helsta sem fram í könnuninni og þar eins og þið heyruð komu í ljós ýmis vandamál sem rekja má til aukins álags vegna ferðamanna. • Hvað finnst ykkur vera "mál málanna" í því sambandi – hvaða mál er alvarlegast eða brýnast að leysa, þegar kemur að áhrifum ferðaþjónustu á ykkur eða samfélagið? • Hvers eðils er þetta vandamál – í hverju felst það? Hver er vandinn í hnotskurn? • Af hverju stafar þessi vandi – hverjar eru orsakir hans? • Hvaða leiðir sjáið þið helst til þess að leysa þennan vanda eða draga úr honum?	
U.þ.b. 10 mín Þakka fyrir	**SAMANTEKT** Er eitthvað varðandi það sem við höfum rætt hér í kvöld sem ykkur liggur á hjarta og þið viljið koma á framfæri að lokum?	